

TÍUNN



FRÉTTABLAÐ RSK DESEMBER 2003

**Fyrirtækjaskrá
til RSK**

**Þjónustusíður
gáfu góða raun**

**Opinber gjöld lögaðila
árið 2003**

**Norðurlöndin
- eitt vinnusvæði**

**Árangursmælingar
í vsk-kerfum Norðurlanda**



Ný viðhorf

Úr viðskiptalífinu berast fréttir af eignum og fyrirtækjum sem skipta um hendur eins og í matador væri og ýmsir, sem varla áttu bót fyrir rassinn á sér í gær eru milljarðamæringar í dag. Viðburðir hér á landi síðustu dagana minna helst á gerska ævintýrið hið nýja, sem hófst eftir fall Sovétríkjanna sálugu og stendur enn með blóma.

Mitt í samþjöppun auðs og valda blómstrar það sem kallað hefur verið fyrirtækja-græðgi (corporate greed). Græðgi, sem ekki stafar af mannlegum breiskleika, en er kreddufest mammonsdyrkun þar sem gróðaboðorðið er öllu æðra. Allt á að vera leyfilegt ef það skilar arði og sjálftaka á verðmætum er talin sjálfsgöð í augum þeirra sem eru í aðstöðu til hennar.

Afleiðingar þessara viðhorfa gera vart við sig í skattframkvæmd m.a. í því að stórfelldum skattasniðgöngumálum fjölga og gerast þau æ úthugsaðri enda kemur oftast í ljós að gerendurnir hafa notið ráðgjafar og aðstoðar sérfræðinga sem notið hafa bestu menntunar til að ráða mönnum heilt og tryggja að rétt sé að verkum staðið. Ráðgjafafyrirtæki og fjármálastofnanir keppast um að falbjóða aðstoð við gjörninga sem þeim sem öðrum má vera ljóst að ekki eru til annars gjörðir en að komast hjá eðlilegum skattgreiðslum. Ríkulegar þóknarir fyrir aðstoðina réttlæta þetta trúlega í þeirra augum.

Eitt af mörgu góðu sem ég minnst úr menntaskóla er vísa ein, sem Gísli Jónsson íslenskukennari við Menntaskólann á Akureyri tók eitt sinn sem dæmi um mannlýsingu í bundnu máli. Hún greyttist í hug mér og kom upp á yfirborðið í þessu samhengi. Ef mig brestur ekki minni var ferskeytlan þannig:

"Hans var jafnan höndin treg
að hjálpa náungunum.
Gekk hann aldrei glæpaveg
en götuna meðfram honum."

Ekki kann ég skil á höfundi stökunnar, sem svo glöggt lýsir refilstígum hins löglega siðleysis.

Með lögum skal land byggja var sagt til forna og er það enn í fullu gildi en samfélag manna byggist ekki eingöngu á settum lögum. Viðhorf og verðmætamat manna skiptir ekki minna máli. Rannsóknir, sem gerðar hafa verið á skattsvikum og ástæðum til þeirra hafa sýnt að í því efni skiptir siðferði meira máli en flest annað. Skortur á því verður ekki bættur með viðurlögum og refsingar fyrir skattsvik hitta ekki alltaf hinn seka eða alla hina seku.

Stjórnsmál eru það sem mótar samfélag okkar. Þau hafa löngum að mestu snúist um fjárhagslega hagsmuni og stjórnsmálastefnur sækja gjarnan réttlætingu í kennisetningar á því sviði en eru sjaldnast þess umkomnar að veita svör við siðferðilegum spurningum. Stjórnsmála- og fjölmiðlaumræðan hefur því mest snúist um krónur og aura, gróða og tap. Það er ánægjuleg tilbreytni að sjá forystumenn í stjórnsmálum bregðast við í málum af þeim toga sem að framan greinir á grundvelli þeirrar afstöðu að siðferðileg sjónarmið vegi þyngra en þau sem réttlæta græðgina.

Efnisyfirlit

- 2** Leiðari
Indriði H. Þorláksson
- 4** Fyrirtækjaskrá til RSK
- 6** Þjónustusíður gáfu góða raun
- 8** Opinber gjöld lögaðila 2003
Páll Kolbeins
- 10** Norðurlöndin - eitt vinnusvæði
Hrefna Einarsdóttir
- 12** Árangursmælingar í vsk-kerfum norðurlanda
Jón H. Steingrímsson
- 14** Rekstrarleiga bifreiða - skattaleg meðferð
Þórdís Sif Sigurðardóttir
- 17** Skattalagafrumvarp á haustþingi
Steinþór Haraldsson
- 18** Eignarskattar einstaklinga - skipting skattbyrði
Páll Kolbeins
- 22** Malthusargildran og lífeyrismálin
Jóhannes Hraunfjörð Karlsson
- 25** Úrskurðir yfirsattanefndar
Anna Dóra Helgadóttir
Bjarni Amby Lárússon
- 28** Molar
- 29** Upplýsingatafla
- 30** Skattlagning í ýmsum löndum - Mexíkó
Hrefna Einarsdóttir
- 32** Nýtt efni á erlendum tungumálum á rsk.is




Fyrirtækjaskrá til RSK

Fyrirtækjaskrá var flutt til ríkisskattstjóra í september síðastliðnum, en hún tilheyrði áður Hagstofu Íslands. Þegar litið er til starfsemi þessara stofnana verður að ætla að í þessari breytingu felist mikið hagræði fyrir alla aðila. Sjá bls. 4.



Þjónustusíður gáfu góða raun

Við síðustu framtalsskil voru teknar upp svokallaðar þjónustusíður á upplýsingavef ríkisskattstjóra þar sem hægt var að sækja hina ýmsu þjónustu á mjög aðgengilegan hátt. Haraldur Hansson lýsir þessum nýjungum á bls. 6.



Álagning og eignarskattar

Páll Kolbeins skrifar tvær greinar í blaðið að þessu sinni. Annars vegar fjallar hann um niðurstöður álagningar á lögaðila 2003, sjá bls. 8. Hins vegar er umfjöllun hans um hvernig skattbyrði einstaklinga vegna eignarskatts skiptist og skoðar hann það dæmi út frá hinum ýmsu hliðum, sjá bls. 18.



Malthusargildran og lífeyrismálin

Í þessari einstaklega skemmtilegu og fróðlegu grein segir Jóhannes Hraunfjörð frá Thomasi Robert Malthus og kenningum hans um mannfjölda. Thomas þessi fæddist á 18. öld en ekki verður annað séð en að hugmyndir hans eigi ágætlega við enn þann dag í dag. Greinin er á bls. 23.

TÍUND

RÍKISSKATTSTJÓRI · LAUGAVEGI 166 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 563 1100 · FAX: 562 4440 · rsk@rsk.is · VEFANG www.rsk.is

FRÉTTABLAÐ RSK · 3. TÖLUBLAÐ · 17. ÁRANGUR · PRENTAÐ Í 1700 EINTÖKUM
ÚTGEFANDI: RSK
ÁBYRGÐARMAÐUR: INDRÍÐI H. ÞORLÁKSSON
RITSTJÓRI: HREFNA EINARSDÓTTIR
PRÓFÖRK: INGIBJÖRG ERLENDSDÓTTIR, HARALDUR HANSSON,
JÓN H. STEINGRÍMSSON
LJÓSMYNDIR: HREFNA EINARSDÓTTIR O.FL.
HÖNNUN OG UMBROT: ANNA ÞÓRDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR
PRENTUN: PRENTSMÍÐJAN VIÐEY
FJÖLMIÐLUM ER HEIMILT AÐ NOTA EFNI BLAÐSINS, SÉ HEIMILDAR GETIÐ

Fyrirtæ



Starfsmenn fyrirtækjaskrár, frá vinstri: Skúli Jónsson, Ellen Falkvard, Sigríður Lúðvíksdóttir, Benedikt Þórðarson, Sigrún Guðmundsdóttir, Gerður Ólafsdóttir, Óskar H. Ragnarsson, Árný S. Jakobsdóttir og Ingunn Ásgeirsdóttir. Á myndina vantar Pál Þórðarson.



Fyrirtækjaskrá er flutt í nýuppgeitt húsnæði á 1. hæð í húsakynnum ríkisskattstjóra að Laugavegi 166, Reykjavík.

Á árinu 2002 þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður og verkefni hennar flutt til Hagstofu Íslands, efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands voru jafnframt undirbúnar breytingar á starfsemi Hagstofunnar sem m.a. fólst í því að flytja fyrirtækjaskrá til ríkisskattstjóra. Þessi breyting var ákveðin með lögum nr. 17/2003, sem tóku gildi 1. júlí 2003. Frá og með þeim

tíma varð rekstur fyrirtækjaskrár einn liður í starfsemi ríkisskattstjóra og þann 1. september sl. fluttist starfsemi fyrirtækjaskrár frá Lindargötu að Laugavegi 166.

Skráning fyrirtækja í fyrirtækjaskrá hófst fyrst árið 1969 og var stofnun og rekstur skrárinnar skipulögð í samvinnu við skattyfirvöld. Tilgangurinn með starfseminni var að samræma skrán-

ingu fyrirtækja og gefa þeim auðkennisnúmer. Í september 1997 var hlutafélagaskrá síðan færð frá viðskiptaráðuneyti til Hagstofunnar og rekstur hennar sameinaður fyrirtækjaskrá. Í upphafi var einn starfsmaður sem sá um skráninguna en í dag eru starfsmenn níu enda hefur umfang skrárinnar aukist jafnt og þétt. Forstöðumaður er Skúli Jónsson, viðskiptafræðingur.

Vinnuaðstaða öll önnur

Það hafa orðið verulegar breytingar til batnaðar á allri starfsaðstöðu fyrirtækjaskrár með flutningi í nýuppgeitt og aðlagað húsnæði á 1. hæð í húsakynnum ríkisskattstjóra. Í undirbúningi er nú að taka upp nýtt tölvukerfi sem sameinar fyrirtækjaskrá og hlutafélagaskrá og verður þá ekki lengur um tvíverknað að ræða. Þess ber að gæta að í dag eru öll skjöl skönnuð við skráninguna og felst í því mikill vinnusparnaður.

Ný lög um fyrirtækjaskrá

Í kjölfar lagabreytingarinnar frá því í júlí 2003 hafa orðið nokkrar breytingar á skráningu í fyrirtækjaskrá. Í nýju lögunum er meginbreytingin sú að einstaklingar með rekstur geta nú ekki fengið sérstaka kennitölu fyrir rekstur sinn. Jafnframt er við það miðað að hvert félag hafi einkvæmt auðkenni, þ.e. eina kennitölu en fái ekki lengur sérstakar kennitölur fyrir einstakar deildir eða útibú félagsins. Almenn skilyrði þess að félagasamtök fái kennitölu eru, að þau hafi með höndum eignaumsýslu eða beri skattalegar skyldur. Skilyrði til að fá skráningu samkvæmt sérstakri ákvörðun ríkisskattstjóra hafa verið þrengd frá því sem áður var og eru nú, samkvæmt þessu ákvæði, einungis skráð þau félög sem hafa almenna skírskotum til samfélagsins. Hins vegar er skráning í hlutafélagaskrá, sem er undirskrá í fyrirtækjaskrá, með sama sniði og verið

Fyrirtækjaskrá til RSK




Skúli Jónsson forstöðumaður fyrirtækjaskrár.

hefur enda byggir skráning í hlutafélagaskrá að mestu á ákvæðum hlutafélagalaganna sem eru á forræði viðskiptaráðherra.

Að sögn Skúla Jónssonar eru ástæðurnar fyrir þessum breyttu áherslum helst þær, að ástæða þótti til að sporna við nánast sjálfvirkri úthlutun kennitalna án þess að um eiginlegar lögpersónur væri að ræða og því er nú fremur litið til efnislegra forsendna við mat á því hvaða félög skuli skráð í fyrirtækjaskrá og hver ekki.


Þessar hertu reglur hafa fengið nokkur viðbrögð og er þar aðallega um að ræða óánægju manna með að fá ekki sérstaka kennitölu vegna skráningar á sameiginlegum bankareikningi t.d. vegna tólmstundastarfs sem þeir eru í forsvari fyrir. Flestir sætta sig þó við þær forsendur sem nú er stuðst við þegar þær eru útskýrðar.

Fjöldi skráninga fyrirtækjaskrár eftir málaflokkum



Háu súlurnar á myndinni sýna hve skráning nýrra einkahlutafélaga hefur aukist á síðustu árum og skráning á breytingum í hlutafélagaskrá hefur nær tvöfaldast frá 1998.

Þjónustusiður gáfu góða raun



Við framtalsgerð á vefnum á þessu ári var ári tekin upp sú nýjung að bjóða framteljendum upp á að sækja afrit af framtali síðasta árs, að því tilskyldu að þeir hefðu talið fram rafrænt í fyrra. Skipti þá ekki máli hvort menn höfðu gert framtal sitt sjálfir á netinu eða því verið skilað rafrænt af endurskoðanda eða bókara. Eftir að skattframtali 2003 var skilað varð til "Þjónustusiða" á vefnum, en þjónustusiðurnar voru opnar þar til kærufrestur rann út 1. september sl.

Þjónustusiðurnar eru vísir að því sem koma skal. Ríkisskattstjóri undirbýr nú að bjóða upp á aðgangsstýrð svæði á vefnum, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Með veflykli eða rafrænum skilríkjum fá einstaklingar og félög aðgang að sinni eigin síðu þar sem hægt verður að sjá ýmis gögn og eiga samskipti við skattfyrirvöld. Meðal þess sem þar verður eru framtöl fyrri ára og staðgreiðslufirlit, auk þess sem þar verður á hverju ári hægt að telja fram. Einstakl-

ingar munu geta sótt staðfest afrit af framtölum sínum og sent inn alls kyns bréf, bæði fyrirspurnir, kærur, umsóknir, leiðréttingar og fleira. Vefskil á staðgreiðslu, virðisaukaskatti og ársreikningum, sem þegar eru til staðar, verða í fyllingu tímans færð inn á þessar aðgangsstýrðu þjónustusiður þannig að félög og einstaklingar með atvinnurekstur þurfi aðeins einn veflykil eða rafræn skilríki til að sinna öllum sínum samskiptum við skattfyrirvöld yfir vefinn. Þar eiga menn einnig að geta séð svör við fyrirspurnum sínum, úrskurði í kærumálum og niðurstöðu álagningar.

Þjónustusiður 2003 voru aðeins fyrir einstaklinga og virkuðu þannig að hver framteljandi gat opnað sína síðu með kennitölu og veflykli. Þar var hægt að sækja staðfest afrit af skattframtali 2003, einum til tveimur dögum eftir skil. Einnig var hægt að senda inn beiðni um leiðréttingu, ef menn rákust á villur í framtölum sínum, svo og að sækja afrit af framtali fyrra árs. Af viðtökunum að dæma féll þessi nýja þjónusta í góðan jarðveg.

Þeim sem telja fram á netinu fjölga með hverju árinu. Nú skiluðu 113.484 framtölum sínum á rsk.is og fjölgaði um meira en 15 þúsund milli ára. Auk þess var framtölum um 67.800 einstaklinga skilað rafrænt af endurskoðendum og bókurum.

Alls bárust 3.256 beiðnir um leiðréttingar í gegnum þjónustusiðurnar og við það bættust síðan 736 kærur. Af net-

framteljendum sóttu tæplega 41 þúsund manns framtal fyrra árs yfir netið, enda þykir mörgum gott að hafa það við höndina til samanburðar, þegar nýtt framtal er fyllt út. Rúmlega 37 þúsund manns urðu sér úti um staðfest afrit af skattframtali 2003 og þegar álagningin lá fyrir sóttu nærri 26 þúsund manns álagningarseðlana á þjónustusíðu sína á rsk.is.

Með staðfestu afriti er átt við afrit sem staðfest er rafrænt af ríkisskattstjóra og hægt er að nota þegar sótt er um greiðslumat, félagslega aðstoð eða aðra þjónustu þar sem staðfesta afrita er krafist. Framteljandi sótti þá tvær skrár á þjónustusíðu sína, afrit af framtalinu á pdf-formi og rafræna undirskrift, og skilaði þessum tveimur skráum rafrænt til viðtakanda, annað hvort á disklingi eða sem viðhengi í tölvupósti. Viðtakandi gat síðan sannreynt á vef ríkisskattstjóra að gögnin væru ófölsuð. Þetta er nýjung sem verður þróuð frekar og á án efa eftir að festast í sessi á komandi árum.

Við hönnun á aðgangsstýrðum svæðum verður stuðst við þá reynslu sem fékkst af þjónustusíðunum í þessari fyrstu tilraun. Ekki er búið að kortleggja til fulls hvernig þjónustusíður fyrirtækja verða upp byggðar, enda flóknari að allri gerð en þjónustusíður einstaklinga og þróun þeirra mun nokkuð mótast af framvindu mála varðandi rafræn skilríki. Þjónustusíður fyrir einstaklinga verða opnaðar aftur í mars, um leið og netframtalið 2004. Einhverjar nýjungar verða þá strax sjáanlegar en stærsta breytingin verður sú að síðurnar verða að uppfylltum vissum skilyrðum opnar allt árið, en ekki lokað í lok kærufrests eins og síðast. Viðbætur vegna vefskila á staðgreiðslu og virðisaukaskatti, vegna manna með eigin atvinnurekstur, munu síðan bætast við síðar. Ekki hefur verið tímasett hvenær þjónustusíður fyrirtækja verðar teknar í gagnið, en stefnt að því að það verði einhvern tímann á árinu 2004.

Rit ríkisskattstjóra seld á netinu

SKATTALÖGIN

- NÝ ÚTGÁFA

SKATTALAGASAFN

Tekjuskattur & eignarskattur

Lög um tekjuskatt og eignarskatt,
staðgreiðslu opinberra gjalda,
staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur,
tryggingagjald, útsvar,
stjórnsýslulög og fleiri lög
ásamt reglugerðum og auglýsingum
er varða heina skatta
og álagningu opinberra gjalda

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI
2003

Hinn 7. maí tóku gildi lög nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt og koma þau í stað skattalaganna sem gilt hafa í rúma tvo áratugi (nr. 75/1981). Engar efnisbreytingar eru í hinum nýju lögum heldur eru greinar tölusettar upp á nýtt og lögin, með um 70 síðari breytingum, gefin út undir nýju númeri í Stjórnartíðindum.

Ríkisskattstjóri hefur af þessu tilefni gefið út nýtt skattalagasafn tekjuskatts og eignarskatts, sem hefur að geyma lög, reglugerðir og auglýsingar er varða heina skatta og álagningu opinberra gjalda. Auk áður nefndra laga er þar að finna lög um fjármagnstekjuskatt, staðgreiðslu, lífeyrisréttindi, tryggingagjald, bindandi álit, stjórnsýslulög og fleira.

Bókin er 303 síður og kostar 2.700 krónur.

Opinber gjöld lögaðila ári



PÁLL KOLBEINS

Skattstjórar hafa nú lokið við að leggja tekjuskatt, tryggingagjald, eignarskatta og ýmis smærri gjöld, s.s. iðnaðarmálagjald, markaðsgjald og búnaðargjald, á lögaðila. Nú eru 29.364 lögaðilar á skattgrunnskrá og hefur þeim fjölgað um 3.705 frá því í fyrra, eða um rúmlega 14,4%. Mest fjölgaði einkahlutafélögum á milli ára eða um 2.771. Nú eru 18.384 einkahlutafélög skráð í landinu. Í ár voru 21.699 tekjuskatts- og eignarskattskyldir lögaðilar á skrá, en þar af eru 19.970 hlutafélög og einkahlutafélög, 1.718 sameignarfélög og 11 alþjóðleg viðskiptafélög. Skattar 6.484 félaga voru áætlaðir af skattstjórum, en þetta er um þriðjungur skattskyldra félaga. Gjöld voru lögð á 18.776 lögaðila, sem er 2.362 fleiri en í fyrra, en þá voru lögð einhver gjöld á 16.414 lögaðila. Þeim hefur því fjölgað um 14,4% á milli ára.

Almennt má segja um niðurstöður

álagningar að þær beri vott um aukna grósku í atvinnulífinu. Nú voru 38,8 milljarðar lagðir á lögaðila í opinber gjöld, sem er 5,3 milljörðum meira en í fyrra. Tekjur og eignir félaga jukust mikið á milli ára auk þess sem yfirfær-anlegt tap félaga lækkaði umtalsvert.

Tekjuskattur hækkar um 35,9%
Prátt fyrir að skattar á félög hafi verið lækkaðir mikið frá því fyrir ári jukust tekjuskattar lögaðila um 3.658 milljónir á milli ára. Í fyrra var lagður 30% skattur á hagnað hlutafélaga og 38% skattur á hagnað sameignarfélaga en í ár var lagður 18% skattur á hlutafélög og 26% skattur á sameignarfélög. Hér er því um verulega lækkun á tekjuskatti félaga að ræða. Prátt fyrir lækkun skattsins hækkuðu tekjur af honum um 35,9%. Skattskyldar tekjur félaga hækkuðu úr rúmum 32 milljörðum í fyrra í 72,9 milljarða við álagningu nú, eða um 128%. Þá lækkaði yfirfær-anlegt tap félaga úr 173,2 milljörðum í 146,4 milljarða, eða um 15,5%.

Nú voru 13.844 milljónir lagðar á hagnað félaga sem er 3.658 milljónum meira en í fyrra. Af þeim 13.844 milljónum sem lagðar voru á hagnað félaga

voru 4.171 milljónir áætlaðar af skattstjórum, eða um þriðjungur álagningar. Þetta er nokkru lægra hlutfall en í fyrra, en þá voru áætlanir skattstjóra um 35,2% álagningar. Nú var áætlað á 29,9% gjaldskyldra félaga en í fyrra var hlutfall áætlaðra félaga 29%.

Tekju- og eignarskattskyldir lögaðilar voru 18.866 í fyrra og hefur þeim því fjölgað um 2.833, eða 15% á milli ára. Nú var tekjuskattur lagður á 10.190 félög, sem er 2.260 félögum fleira en í fyrra. Gjaldendum tekjuskatts hefur því fjölgað á milli ára í hlutfalli við gjaldskylda lögaðila á skrá, úr 42,1% í 47%.

Lögaðilum sem skiluðu ekki framtali eða eru taldir hafa vantalið tekjur hefur þó ekki fækkað á milli ára. Þeir voru 6.484 nú í ár en í fyrra áætluðu skattstjórar skatta 5.469 félaga. Þessum hópi má skipta í þrennt þ.e. þá sem hafa ekki skilað framtali, þá sem hafa skilað ófullkomnu framtali og þá sem taldir eru hafa vantalið tekjur og því verið áætlaðar tekjur af skattstjórum. Athygli vekur að 3.590 af þessum hópi voru áætlaðir í annað sinn, sem er 56,1% þeirra sem voru áætlaðar tekjur í ár, og 932 voru áætlaðir í fimmta sinn í röð.

Opinber gjöld lögaðila 2002 og 2003

(Í milljónum króna)	Upphæðir		Breytingar '02-'03		Fjöldi		Breytingar '02-'03	
	2002	2003	Milljónir	%	2002	2003	Fjöldi	%
Tekjuskattur	10.186	13.844	3.658	35,9%	7.930	10.190	2.260	28,5%
Fjármagnstekjuskattur	138	1.173	1.035	748,4%	88	83	-5	-5,7%
Eignarskattur	2.052	1.247	-805	-39,2%	7.546	8.487	941	12,5%
Sérstakur eignarskattur	427	-	-427	-	7.527	-	-7.527	-
Búnaðargjald	96	187	90	93,6%	217	293	76	35,0%
Jöfnunargjald alþjónustu	50	29	-21	-42,6%	30	20	-10	-33,3%
Iðnaðarmálagjald	211	231	20	9,5%	4.444	4.772	328	7,4%
Tryggingagjald*	20.384	22.096	1.712	8,4%	11.329	12.879	1.550	13,7%
Samtals	33.545	38.806	5.262	15,7%				
Fjöldi gjaldenda					16.414	18.776	2.362	14,4%


*Markaðsgjald og iðgjald slysatryggingar sjómanna eru hér talin með í tölum um tryggingagjald.

Tryggingagjald hækkar um 8,4% Tryggingagjald vegur nú þyngst opinberra gjalda lögaðila, en tryggingagjald og önnur gjöld lögð á tryggingagjaldsstofn, þ.e. iðgjald slysatryggingar sjómannanna og markaðsgjald, eru nú alls 22.096 milljónir króna, eða um 57% heildarálagningar. Tryggingagjald var um 20.384 milljónir króna í fyrra, og hefur gjaldið því hækkað um rúmlega 1.712 milljónir milli ára, eða um 8,4%. Rúmar 12.670 milljónir voru lagðar á félög sem voru tekju- og eignarskattskyld en mismunurinn, 9.426 milljónir, var borinn af félögum sem voru undanþegin tekju- og eignarskatti. Rúmlega 1.133 milljónir voru áætlaðar í tryggingagjald af skattstjórum. Hækkun tryggingagjalds nú ber vitni um hækkun launa í þjóðfélaginu á árinu 2002 en þó er um minni hækkun að ræða en í fyrra. Tryggingagjald hækkaði um 11% á milli árunna 2001 og 2002.


Tryggingagjaldsstofn hækkaði um 32 milljarða á milli ára og var nú 419,2 milljarðar. Stofninn hefur því hækkað um 8,4% á milli ára. Með tryggingagjaldi og innifalið í tölum um það er markaðsgjald sem rennur til Útflutningsráðs Íslands. Gjaldið er 0,05% af tryggingagjaldsstofni en fram til ársins 1999 var það lagt á veltu atvinnufyrirtækja. Nú var markaðsgjald um 210 milljónir og hefur það hækkað til jafns við tryggingagjaldsstofn. Tryggingagjald var nú lagt á 12.879 lögaðila, sem er 1.550 fleiri en í fyrra.

Helmingi lægri eignarskattar
Eignarskattar lögaðila voru rúmlega helmingi lægri í ár en í fyrra. Nú voru eignarskattar 1.247 milljónir en þar af voru 86 milljónir áætlaðar. Í fyrra voru lagðar 2.479 milljónir í skatta á eignir lögaðila, en þar af var sérstakur eignarskattur 427 milljónir króna. Eignarskattar lækkuðu nú mikið á milli ára í takt við lækkun skatthlutfallsins. Í fyrra var lagður 1,2% skattur á eignir lögaðila, sem voru þá 171 milljarðar en nú

Tekjuskattur og áætlanir lögaðila 1993 til 2003



Áætlaðir lögaðilar 1993 til 2003



var lagður 0,6% skattur á 207,8 milljarða hreina eign. Sérstakur eignarskattur, sem var 0,25% af stofni féll niður í ár. Skattur var nú lagður á hreina eign 8.487 félaga, eða 941 fleiri en í fyrra.

Iðnaðarmálagjald og búnaðargjald hækka

Iðnaðarmálagjald rennur til samtaka iðnaðarins, en gjaldið er 0,08% af veltu iðnfyrirtækja. Nú voru 231 milljón króna lagðar á í iðnaðarmálagjald sem er 11 milljónum meira en í fyrra, eða 9,5%. Þeim sem bera gjaldið fjölga nokkuð frá fyrra ári. Þeir voru 4.444 í fyrra en

voru nú 4.772. Gjaldendum iðnaðarmálagjalds hefur því fjölgað um 7,4% á milli ára.

Búnaðargjald er 2,26% gjald sem lagt er á veltu búvöru og tengdrar þjónustu. Nú voru lagðar 187 milljónir króna í búnaðargjald á veltu lögaðila en í fyrra skilaði gjaldið 96 milljónum. Gjaldið hækkaði því um 90 milljónir á milli ára, eða 93,6%. Gjaldendur búnaðargjalds voru 293 í ár og hefur þeim fjölgað um 76 frá því í fyrra en þá voru þeir 217.



NORÐURLÖNDIN

Það er ekkert nýtt að nokkur fjöldi einstaklinga flytji á milli Norðurlandanna eða fari tímabundið til starfa eða náms út fyrir landsteinana. Íslendingar hafa mikið sótt störf eða nám til nágrannaríkjanna og í árslok 2002 voru 17.175 íslendingar búsettir í einhverju hinna Norðurlandanna.

Það sem hefur verið að breytast síðustu ár er hins vegar að all verulegur fjöldi sækir orðið reglulega starf í annað land án þess að flytja heimili sitt, fer jafnvel daglega eða vikulega á milli landa í þessu skyni. Þetta eru svokallaðir pendlarar en það er nokkuð sem við verðum ekki mikið vör við hér á Íslandi eðli málsins samkvæmt. Hér er fyrst og fremst átt við þá sem búa nálægt landamærum og sækja vinnu yfir landamærin svo og þá sem notfæra sér Eyrarsundsbrúna, en tilkoma hennar hefur breytt miklu í samgöngum milli Danmerkur og Svíþjóðar frá því að hún var tekin í notkun.

Á síðustu árum hefur athygli Norræna ráðherranefndarinnar beinst að réttindamálum þess fólks sem vegna náms, starfa eða af öðrum ástæðum flytur eða fer á milli Norðurlandanna. Í ljós hefur komið að oft er misbrestur á að fólkið njóti þeirra réttinda sem kveð-

ið er á um í samningum sem Norðurlöndin hafa gert sín á milli.

Í því skyni setti Norræna ráðherra-nefndin á laggirnar upplýsingaþjónustuna Halló Norðurlönd. Skrifstofa með einum starfsmanni var sett upp í Svíþjóð á árinu 1998 og átti hún að þjóna öllum Norðurlöndunum. Vorið 2001 var þjónustan Halló Norðurlönd einnig sett upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi og á Íslandi. Þeim einstaklingum sem leita til Halló Norðurlanda fer fjölgandi og ætla má að á milli 2000 og 2500 manns notfæri sér þessa þjónustu á Norðurlöndunum í ár, þar af rúmlega 500 á Íslandi.

Megintilgangur þjónustunnar er að aðstoða einstaklinga sem flytja milli Norðurlanda eða dvelja í öðru norrænu landi en heimalandinu, jafnframt því að vera stuðningur við stofnanir og stjórnvöld í málefnum sem tengjast norrænum samningum.

Seinnihluta árs 2001 kom ráðherra-nefndin því á fót nefnd undir forystu Ole Norrback, fyrrverandi sendiherra Finnlands í Osló og ráðherra í Norrænu ráðherranefndinni, en hlutverk nefndarinnar var að skilgreina þau vandamál sem bárust til Halló Norðurlanda og leggja til verklagsreglur um lausn á vandanum.

Nefndin skilaði skýrslu vorið 2002

sem bar yfirskriftina "Réttindi Norðurlandabúa" og vakti mikla athygli. Í framhaldi af því, var Paul Schlüter, fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur falið að halda starfinu áfram og skilaði hann af sér tillögum til úrbóta á ársþingi Norðurlandaráðs sem fram fór í Osló 27. - 29. október s.l.

Til að undirbúa tillögurnar voru settir saman nokkrir vinnuhópar, m.a. til að skoða tryggingamál, skattamál og skráningar í þjóðskrá. Ríkisskattstjóra var falið að tilnefna tvo fulltrúa Íslands í skattahópinn og voru Hrefna Einarsdóttir hjá ríkisskattstjóra og Guðrún Björg Bragadóttir, skattstjóri á Ísafirði, tilnefndar í því skyni. Hópnum var falið það verkefni að greina hindranir skattalegs eðlis og leita leiða til að losna við þær. Í erindisbréfinu kemur m.a. fram að það sé algengt að fólk kvarti undan því að fá misvísandi og oft á tíðum rangar upplýsingar hjá hinum ýmsu stofnunum sem málið varðar. Lögð var áhersla á að skoðað yrði hvernig megi tryggja auðveldan aðgang að réttum upplýsingum varðandi skattaleg mál efni.

Skattahópurinn kom tvisvar saman og á fyrri fundinum var verkefnið greint í fimm meginþætti sem síðan var unnið

út frá. Þessir verkþættir voru samræmdar vefsíður, útreikningsforrit, samnorræn skattaskrifstofa, sérstök vandamál sem snerta pendlarana svokölluðu og Norðurlandasamningurinn í skattamálum. Löndin skiptu með sér verkum og komu síðan saman aftur með tillögur og verklýsingar varðandi einstaka þætti. Á seinni fundinum voru síðan settar fram sameiginlegar tillögur. Í tillögum hópsins var m.a. lagt til að vefsíður landanna yrðu þannig úr garði gerðar að þar mætti finna samræmdar upplýsingar um skattaleg réttindi á öllum Norðurlöndunum. Þar er einnig gert ráð fyrir að hægt sé að fá bráða- birgðaútreikning á sköttum í hverju ríki fyrir sig. Þetta verkefni er það sem fyrst

hagnýtar upplýsingar um hvað þurfi að athuga sérstaklega og hvert skuli snúa sér varðandi einstaka þætti. Einnig var lagt til að sett væri á stofn samnorræn skattaskrifstofa sem hefði með höndum það verkefni að leysa úr skattalegum vandamálum sem upp koma hjá þeim sem fara á milli Norðurlandanna, annað hvort flytja eða dvelja tímabundið vegna vinnu eða náms.

Norðurlandasamningurinn um skattamál var ræddur og lögð áhersla á aðgengi að samræmdum túlkunum. Þá var samningurinn ræddur sérstaklega út frá vandamálum sem koma upp hjá pendlurunum svokölluðu, þ.e. vandamál sem tengjast þeim sem sækja vinnu yfir landamæri og eins voru rædd

mismunandi hætti á milli landa, yfir höfuð má segja að vandamálín skapist oftast vegna þess hversu skattakerfin á Norðurlöndum eru ólík. Það virðist sem þau hafi haft tilhneigingu til að þróast hvert í sína áttina síðustu ár, a.m.k. virðist samræming alls ekki höfð að leiðarljósi þegar kerfisbreytingar eru annars vegar. Ef virkilega á að eyða hindrunum og líta á Norðurlöndin sem eitt vinnusvæði þá er ekki nóg að bæta upplýsingarnar og setja upp sérstakar skattaskrifstofur Norðurlanda. Hafa þyrfti það að markmiði að samræma þær ólíku skattlagningarreglur sem helst eru að valda misrétti og erfiðleikum í framkvæmd þegar farið er á milli landa. Þar má t.d. nefna ólíkar reglur

- eitt vinnusvæði



Fulltrúar frá skattyfirvöldum á Norðurlöndunum sem tóku þátt í hópstarfi um hvernig auðvelda megi fólki að flytja á milli Norðurlanda til að starfa eða stunda nám.

verður lögð áhersla á enda aðgengilegast að leysa það fyrst án mikillar fyrirhafnar. Öll löndin hafa heimasíður með upplýsingum um skattlagningu þeirra sem starfa tímabundið. Það verður fyrst og fremst lögð áhersla á að samræma þessar upplýsingar og setja þær þannig fram að auðvelt sé að nálgast þær. Þar er einnig gert ráð fyrir að finna megi samræmdar túlkanir á einstökum greinum Norðurlandasamningsins í skattamálum. Þeir sem flytja heimili sín á milli landa eiga einnig að geta fundið

vandamál sem varða sérstakar starfsstéttir svo sem flugáhafnir, sjómenn, langferðabifreiðastjóra o.s.frv. Þá var mikið rætt um lífeyrisþega og þörf á að samræma skattalega meðferð á lífeyri þannig að tryggja megi að skattlagning lífeyrisþega verði ekki þyngri við það eitt að flytja á milli landa. Í dag er skattlagning lífeyris mjög mismunandi á Norðurlöndunum og sama á við um skattlagningu lífeyris hjá þeim sem bera takmarkaða skattskyldu. En það er ekki bara skattlagning á lífeyri sem er með

varðandi skattlagningu söluhagnaðar og fjármagnstekna og ólík bótakerfi vegna barnaframsælsu og húsnæðis-kaupa. Vissulega geta skattkerfin ekki verið eins en það er án efa hægt að sníða af stærstu vankantana. Í framtíðinni fáum við vonandi að sjá einföld og samræmd skattakerfi á Norðurlöndum þar sem upplýsingar eru skýrar og aðgengilegar fyrir alla, óháð búsetu. Væri það ekki frábært?

HE

Árangursmælin

í VSK-kerfum Norðurlanda



JÓN H.
STEINGRÍMSSON

Í málefni Tíundar á þessu ári gerði undirritaður grein fyrir samnorrænu verkefni um árangursmælingar og samanburð (benchmarking) á milli skattkerfa Norðurlandanna. Skýrsla um niðurstöður í þessu verkefni, byggðar á tölum frá árinu 2002, var lögð fyrir fund ríkisskattstjóra Norðurlandanna í Svíþjóð í júní sl. sumar. Á þeim fundi var ályktað að framkomin skýrsla sýndi markverðar niðurstöður og byggði á grunni sem ástæða væri til að viðhalda, bæta og uppfæra árlega. Hins vegar væri samanburðargrunnurinn ekki kominn á það stig að unnt væri að draga almennar ályktanir og varhugavert væri að setja fram eða birta samanburðarniðurstöður þar sem enn væru ýmsir fyrirvarar við talnaefni og hætta á rangtúlkunum.

Á ríkisskattstjórafundinum var jafnframt tekin sú ákvörðun að fara skyldi í framhaldsverkefni þar sem ákveðið svið skattframkvæmdarinnar yrði tekið fyrir og kannað nánar (process benchmarking) og varð virðisaukaskattssviðið fyrir valinu. Ástæður fyrir valinu voru aðallega tvær. Annars vegar vöktu niðurstöðurnar á því sviði athygli vegna áberandi mismunar á milli landa. Þannig virðist virðisaukaskattsframkvæmd í Danmörku og á Íslandi vera kostnaðarsamari en á hinum Norðurlöndunum. Hins vegar voru menn sammála um að þetta svið væri heppilegt til samanburðar þar sem löggjöf um virðisaukaskatt og framkvæmd hennar væri svipuð í öllum löndunum.

Þetta verkefni er nú hafið og fyrsta áfangi þess lokið. Hann fólst í því að þátttakendur hittust í Kaupmannahöfn dagana 28.-30. október sl. lögðu drög að "skapalóni verkefnisins", þ.e. að afmörkun starfsemi og verkþátta til samanburðar. Í öðrum áfangi sem nú stendur yfir mun hver þjóð skilgreina hvað undir hvern verkþátt fellur í eigin landi og skapalónið eftir atvikum lagað að aðstæðum. Að því loknu er hafist handa um öflun talna frá árinu 2002 á grundvelli hins sameiginlega skapalóns. Á nýju ári verður svo við fyrsta tækifæri aflað talna vegna ársins 2003. Allar tölur eru sendar til fulltrúanna en Danmörk hefur tekið að sér stjórn verkefnisins og alla úrvinnslu. Þriðji áfangi snýst um að bera saman tölur árána 2002 og 2003 á milli landa og hefst með fundi sem haldinn verður á Íslandi í marsmánuði.

Til að gefa lesendum nánari hugmynd um viðfangsefnið er vart hægt annað, þrátt fyrir áður nefnda fyrirvara, en sýna einstakar samanburðarniðurstöður úr skýrslunni fyrrnefndu.

Mynd 1 sýnir fyrir hvert land hve margir virðisaukaskattsskyldir aðilar deilast á hvert ársverk sem talið er starfa við virðisaukaskatt á einhvern hátt, þ.e. við álagningu, eftirlit, innheimtu, stoðverkefni eða upplýsingatækni. Hér kemur fram eftirtektarverður munur á milli landa sem ástæða er til að greina og kanna ástæðurnar fyrir. Taka ber fram að fjöldi ársverka á Ís-

ngar rlanda

landi skýrist að verulegu leyti af forsendu um hve stór hluti ársverka við innheimtu tilheyrir virðisaukaskatti og auk þess kann fjöldi ársverka í innheimtu að vera ofmetinn.


Mynd 2 sýnir okkur að hlutfallsleg skipting virðisaukaskattsaðila eftir veltu er mjög svipuð í löndunum og er því dæmi um breytu sem ekki skýrir mun á milli landa svo neinu nemi.

Á **mynd 3** má aftur á móti sjá hið gagnstæða. Hlutfall virðisaukaskattskyldra íbúa er hæst á Íslandi og verður því að teljast ein stýribreyta þess að framkvæmd virðisaukaskatts virðist vera útgjaldafrekari á Íslandi en í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi.

Í vinnunni sem framundan er verður leitast við að finna aðra þá áhrifabætti sem gera framkvæmd hugsanlega hagkvæmari, markvissari eða betri í einu landi en öðru með það að markmiði að niðurstöðurnar skili hverju landi fyrir sig fram á veginn og nýtist til styrkingar og betrubóta í starfseminni. Ráðgert er að þessari vinnu ljúki með skýrslu í maí 2004 þar sem tekið hefur verið tillit til bráðabirgðaniðurstaðna og umræðna á fundinum í mars á Íslandi. Skýrslan verður síðan tekin til umfjöllunar á fundi ríkisskattstjóra Norðurlandanna í júní 2004.


Mynd 1

Virðisaukaskattsskyldir aðilar pr. ársverk




Mynd 2

Skipting virðisaukaskatts aðila eftir veltu



Mynd 3

Hlutfall vsk.aðila af íbúafjölda



Rekstrarleiga bifreiða

skattaleg meðferð



PÓRDÍS SIF
SIGURÐARDÓTTIR
nemi í viðskiptalögfræði við
Viðskiptaháskólann á Bif-
röst. Starfaði hjá ríkisskatt-
stjóra síðastliðið sumar

Við kaupum bílinn og þú leigir hann af okkur. Í lok leigutíma skilar þú bílnum.

Eitthvað á þessa leið hljóðar texti sem oft heyrst í auglýsingum. Hér eru á ferðinni auglýsingar frá bifreiðainnflytjendum og eignarleigufyrirtækjum um rekstrarleigu. Ótal fyrirspurnir hafa borist skattyfirvöldum varðandi skattalega meðferð samninga sem varða þetta fyrirkomulag.

Skoðum þetta nánar og höldum okkur við bifreiðaviðskiptin.

Hvað er rekstrarleiga bifreiða?

Rekstrarleiga er skilgreind sem þríhliða óuppsegjanlegur leigusamningur á milli



þriggja aðila, þ.e. leigutaka, kaupleigufyrirtækis (leigusala) og bifreiðaumboðs eða annars seljanda. Leigutaki getur ýmist verið einstaklingur eða fyrirtæki. Samningurinn byggist á því að kaupleigufyrirtæki kaupir bifreið sem leigu-

taki velur, leigutakinn hefur bifreiðina til leigu á samningstímanum og í lok hans skilar hann bifreiðinni til umboðs eða seljanda. Oft er þó möguleiki á því að leigutaki geti samið um kaup á bifreiðinni við umboðið. Leigutaki ber ekki áhættu af endursölu bifreiðarinnar að samningstíma liðnum. Samningstíminn getur verið allt frá 6 mánuðum upp í 36.



Hvað er innifalið í rekstrarleigu?

Kaupleigufyrirtækið er skráður eigandi bifreiðarinnar, en leigutaki hefur full umráð yfir henni á samningstímanum. Leigutaki greiðir fastar mánaðarlegar leigugreiðslur sem eiga að endurspeglarýrnun sem verður á verðgildi bifreiðarinnar og kostnað fyrir þá þjónustu sem innifalin er í samningnum. Fer það eftir vali hvers og eins leigutaka hvað er innifalið í leigugreiðslum. Oftast er allt reglubundið viðhald og þjónusta innifalin. Leigutaki greiðir alltaf sérstaklega fyrir allt óeðlilegt slit eða skemmdir og öll gjöld af bifreiðinni, s.s. bifreiðagjöld og tryggingar. Yfirleitt er miðað við hámarkskeyrslu á ári, t.d. 20.000 km og greiðir leigutaki þá ákveðið gjald t.d. 5 krónur fyrir hvern kílómetra ef aksturinn fer yfir það mark.

Hver er munurinn á kaupleigu, fjármögnunarleigu og rekstrarleigu?

Hugtakið rekstrarleiga er túlkað á mismunandi hátt eftir því hvaða fyrirtæki á í hlut. Athugun leiðir því í ljós að um er að ræða fjármögnunarleigu samkvæmt



skilgreiningu ríkisskattstjóra. Sem sagt, rekstrarleiga fellur að skilgreiningu skattyfirvalda á fjármögnunarleigu. Er eitt afbrigði hennar. Hugtakið virðist myndað til að afmarka vissar gerðir samninga um fjármögnunarleigu. Samkvæmt athugun eru fjármögnunarleiga og rekstrarleiga túlkuð á sama hátt, þær eru með margvíslegum ákvæðum um það hvað skuli vera innifalið í leigugjaldinu, en eiga það sameiginlegt að eignarrétturinn helst hjá leigusala og að leigutíma loknum skilar leigutaki bifreiðinni til bifreiðaumboðs eða seljanda.

Kaupleigusamningar eru eins og fjármögnunarleigusamningar að því leyti að bifreiðin er skráð á leigusalann og leigutakinn greiðir leigugreiðslur í allt að 5 ár. Það sem er hins vegar frábrugðið er að leigutakinn er búinn að skuldbinda sig að kaupa bifreiðina í lok samningstímans á fyrirfram ákveðnu verði. Í skattalegum skilningi er því um kaup og sölu eignar að ræða en ekki leigu.

Er hagstætt að taka bifreið á rekstrarleigu?

Þetta er algeng spurning hjá fólki og stjórnendum fyrirtækja í dag sem er að velta fyrir sér hvort sé hagstæðara að kaupa bifreið eða taka hana á rekstrarleigu. Ekki er það ætlun mín að svara þessari spurningu enda forsendur samninga og aðstæður einstakra leigutaka ákaflega sundurleitar og ólíkar innbyrðis. Hér á eftir mun ég hinsvegar

freidda

reyna að varpa ljósi á þá skattalegu meðferð sem er á rekstrarleigu bifreiða og svara algengum spurningum sem vakna vegna þeirra.

Takmarka skattalögin færslu leigugjalds sem rekstrar-kostnaðar?

Í 4. og 5. tl. 50. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, er sérstaklega kveðið á um rekstrarkostnað fólksbifreiða með tilliti til fjármögnunarleigu. Samkvæmt 4. tl. greinarinnar er ekki heimilt að telja greiðslur vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en níu menn, öðrum en leigubifreiðum, sem eru umfram fyrningarreiknaðar samkvæmt ákvæðum laganna að viðbættum vöxtum af fyrningargrunni þegar frá hafa verið dregnar reiknaðar fyrningar fyrri ára, til rekstrarkostnaðar



skv. 31. gr. laganna, eða til frádráttar skattskyldum tekjum á annan hátt.

Kostnað vegna reksturs fólksbifreiða sem eru látnar starfsmönnum atvinnurekstrar í té til eigin afnota er ekki heimilt að telja til rekstrarkostnaðar, skv. 5. tl. 50. gr. laganna, nema fjárhæð sem nemur þeim hlunnindum af notkun viðkomandi fólksbifreiðar sem hafa verið færð til tekna hjá þeim manni sem heimilt er að hafa bifreiðina til umráða í eigin þágu. Þessi tölulíður greinarinnar var rýmkaður með lögum nr. 152/2002. Með lögunum var ákveðið að láta regluna gilda um alla starfsmenn atvinnurekstrar, án tillits til stöðu þeirra innan fyrirtækisins, en áður gildi það fyrir framkvæmdastjóra og aðra sambærilega starfsmenn atvinnurekstrar.

Lögin geta því í þessum tilvikum útilokað gjaldfærslu leigugreiðslna.

Hver er mismunur á skattalegri meðferð á kaupleigu- og rekstrarleigusamningum?

Skattaleg meðferð þessara tveggja samninga er ólík. Litið er á kaupleigusamning eins og kaup á varanlegum rekstrarfjármunum sem ber að eignfæra og afskrifa samkvæmt almennum reglum jafnframt því sem skuldbindingin að baki kaupleigusamningi er talin til



skuldar hjá leigutaka. Kaupleigugreiðslur skiptast því upp í afborgun af skuldbindingunni og vexti af henni. Kaupleigugreiðslur teljast því ekki rekstrarkostnaður í skilningi 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, nema að því er varðar vaxtalið kaupleigugreiðslnanna, sbr. skilgreiningu þessara hugtaka í lögum nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi. Þar af leiðandi er kaupleigugreiðsla t.d. ekki færð á eyðublaðið RSK 4.09.

Þegar um er að ræða fólksbifreiðar, þ.m.t. jeppa og skutbifreiðar, sem teknar eru á rekstrarleigu og notaðar eru af leigutaka bæði við atvinnurekstur hans og til einkanota er það reglan að til útreiknings frádráttar leigugjaldsins leyfist föst fjárhæð afskriftar eins og hún er ákveðin fyrir hvert ár. Þessa fjárhæð skal hlutfalla á milli einkanotkunar og notkunar vegna atvinnurekstrar eins og annan rekstrarkostnað bifreiðarinnar. Um leigusamninga um fólksbifreiðar sem bæði eru notaðar við atvinnurekstur leigutaka og til einkanota hans fer



því alfarið eftir reglum þeim sem greinir á eyðublaði RSK 4.03.

Er einstaklingi sem er með fólksbifreið á rekstrarleigusamningi heimilt að færa leigugreiðslurnar til frádráttar á móti ökutækjastyrk?

Svarið við þessari spurningu er: Nei, einstaklingi sem er launþegi og er með fólksbifreið á rekstrarleigusamningi, og notar bifreiðina í þágu vinnuveitanda síns, er ekki heimilt að færa leigugreiðslur af slíkum samningum sem rekstrarkostnað ökutækis, til frádráttar á móti mótteknum ökutækjastyrk.

Samkvæmt þeim reglum sem fram koma í tilkynningu fjármálaráðherra nr. 6/2003 um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2003, í kafla 3.1. Frádrátt kostnaðar á móti ökutækja-



styrk, skal leggja fram á þar til gerðu eyðublaði, RSK 3.04 Ökutækjastyrkur, eða á annan jafn fullnægjandi hátt, nákvæma sundurliðun á heildarrekstrarkostnaði ökutækis, þ.m.t. árlega afskrift bifreiðar. Ef viðkomandi launþegi tekur fólksbifreið á rekstrarleigu í þessum tilgangi og þar sem rekstrarleigugjaldið telst ekki rekstrarkostnaður bifreiðarinnar, má færa sem hluta rekstrarkostnaðar bifreiðarinnar fasta fjárhæð afskriftar eins og hún er ákveðin fyrir hvert ár samkvæmt skattmati. Þessa fjárhæð skal hlutfalla á milli einkanotkunar og notkunar í þágu vinnuveitanda eins og annan rekstrarkostnað bifreiðarinnar. Rekstrarleigan kemur ekki til frádráttar að öðru leyti.

Í þessu tilliti er rekstur fólksbifreiðar hjá einstaklingi sem hefur bifreiðina á rekstrarleigu sambærilegur rekstri fólksbifreiðar í eigu einstaklingsins sjálfs, þegar um er að ræða akstur í þágu vinnuveitanda.



Ber launagreiðanda sem lætur starfsmanni í té endurgjaldslaus afnot af bifreið á rekstrarleigusamningi að reikna starfsmanni skattskyld hlunnindi?



Hér er svarið játandi: Hlunnindi færast til tekna á hlunnindamati. Þegar fólksbifreiðar fyrir færri en níu menn aðrar en leigubifreiðar, eru teknar á rekstrarleigu og eingöngu notaðar í atvinnurekstrinum eða eru látnar starfsmönnum í té til einkanota ber að fara eftir reglum þeim sem greinir á eyðublaði RSK 4.09. Reikna ber starfsmanninum skattskyld hlunnindi af þeim afnotum, samkvæmt

almennum reglum um bifreiðahlunnindi. Áður var vikið að heimildum atvinnurekstrarins til að gjaldfæra, gjaldfærslan takmarkast við hlunnindafjárhæðina.

Úrlausnir um álitamál og ágreiningsefni

Rekstrarleiguformið og skattaleg viðhorf til þess hafa sem slík ekki komið til kasta yfirkattanefndar og ekki liggja fyrir úrlausnir dómstóla. Í einhverjum tilvikum munu menn hafa leitað bindandi álits ríkisskattstjóra um þetta fyrirkomulag, en því hefur verið vísað frá þar sem skilyrðum um álitsbeiðnir var ekki fullnægt. Í einu ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra eru þessu máli gerð nokkur skil (Ákv.bréf 14. október 1999, AMB/GG).



Niðurstöður

Af framanrituðu er ljóst að í gildi eru vissar takmarkanir á frádrætti vegna leigugjalds sem rekstrarkostnaðar í



skattskilum. Það verða menn að hafa í huga áður en gengið er til rekstrarleigusamninga. Áriðandi er að hafa skattareglurnar til hliðsjónar þegar verið er að bera þá saman við annað form á eignarhaldi og fjármögnun bifreiða áður en farið er út í fjárfestingar.

Skattalagafrumvarp

Á HAUSTÞINGI

Fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Frumvarpið er nú í meðferð þingsins. Þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á skattalögum varða aðallega þessi atriði:

Ýmsar fjárhæðir hækki um 2,5%. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar á hinum ýmsu viðmiðunarfjárhæðum laganna, svo sem persónuafslætti, sjómannaafslætti og viðmiðunum í vaxtabótum og barnabótum. Lagt er til að viðmiðunarmörkin hækki í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004 eða um 2,5 %.

Hámarkshundraðshluti vaxtabóta af skuldum lækki. Í öðru lagi er lögð til breyting á útreikningi vaxtabóta, nánar tiltekið á hámarkshlutfalli vaxtagjalda af heildarskuldum. Í dag mega vaxtagjöld ekki verða hærrí en 7% skuldanna en lagt er til að markið verði 5,5%. Markmið þessarar breytingar er að færa hundraðshlutann sem næst vaxtaþrósentu íbúðalána og einnig er meiningin að draga úr þeim hvata sem vaxtabætur teljast geta verið skattþegnunum til að skuldsetja sig. Slíkan hvata mun nú verandi kerfi hafa að geyma.

Felldar verði brott sérreglur um skatttöku af alþjóðlegum viðskiptafélögum. Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði laganna um alþjóðleg viðskiptafélög verði felld brott. Þessi félög greiða m.a. 5% tekjuskatt. Frá því að lög um alþjóðleg viðskiptafélög, voru sett fyrir fjórum árum hafa aðeins 14 fyrirtæki fengið leyfi til að starfa sem alþjóðleg viðskiptafélög. Þar af eru 5-6 enn með einhverja starfsemi. Frumvarpið hefur að geyma sólarlagsákvæði þannig að þeim fyrirtækjum sem nú eru starfandi sem alþjóðleg viðskiptafélög

er veittur aðlögunartími til og með árinu 2008.

Hátekjuskattur fellur niður í áföngum. Lækki úr 5% í 4% á tekjur ársins 2004, 2% vegna 2005 og 0% á tekjur 2006. Í fjórða lagi er lagt til að sérstaki 5% tekjuskatturinn, verði úr sögunni í árslok 2005. Fram að þeim tíma er lagt til að hann verði lækkaður í tveimur áföngum. Samkvæmt gildandi lögum verður sérstakur tekjuskattur 5% við álagningu á árinu 2004 vegna tekna ársins 2003. Er lagt til að við álagningu á árinu 2005 verði skatturinn 4% vegna tekna ársins 2004 og lækki síðan í 2% við álagningu á árinu 2006 vegna tekna ársins 2005.

Ríkisskattstjóra heimilað að ákveða skattlagningarstað. Í fimmta lagi er lagt til í frumvarpinu að heimilt verði að víkja frá meginreglunni um framtals- og skattlagningarstað þegar um er að ræða að fleiri en einn skattstjóri koma að einu og sama málinu. Tilgangur breytinganna er að draga úr framkvæmdarörðugleikum sem skapast kunna við álagningu, skattendurskoðun og skatteftirlit, t.d. ef fyrirtæki er staðsett í einu skattumdæmi en eigandi þess eða eigendur í öðru. Ríkisskattstjóra yrði þannig heimilt að víkja frá ákvæðum um framtals- og skattlagningarstað og ákveða annan slíkan þegar skattaóilar hafa flust á milli skattumdæma, eða þegar skattskyldir aðilar hafa með höndum sameiginlegan rekstur, eða taka þarf ákvörðun um reiknuð laun.

Einföldun póstsendinga. Frumvarpið gerir loks í sjötta lagi ráð fyrir að heimil að verði að senda úrskurði skattstjóra í almennum pósti eða rafrænt í þeim tilvikum þar sem alfarið er fallist á kröfur kæranda. Tilgangur þeirrar breytingar

er að draga úr þeim kostnaði sem leiðir af ábyrgðarsendingum skattyfirvalda. Er og sú nýjung lögð til að ríkisskattstjóri setji reglur um rafrænar sendingar í slíkum málum.

Hér er sem sagt á ferðinni frumvarp sem kemur til með að hafa áhrif á staðgreiðslu strax í janúar næstkomandi og einnig er ljóst að ýmsa hagræðingu og einföldun á vettvangi skattsýslunnar gæti leitt af lögfestingu þess.

Tryggingagjald. Ekki endurgreitt vegna viðbótarlífeyrissparnaðar frá 1. janúar 2004. Fjármálaráðherra lagði nýverið fram frumvarp til laga um breyting á lögum um tryggingagjald. Í frumvarpinu er lagt til að felld verði brott heimild launagreiðanda til lækkunar á tryggingagjaldi, sem nýta á sem iðgjald á móti iðgjaldi launamanns í tilviki séreignarlífeyrissparnaðar, þ.e.a.s. lækkun tryggingagjalds launagreiðanda um allt að 0,2%. Samtímis fellur niður greiðsla sú sem kemur úr ríkissjóði inn á reikninga þeirra sem spara með þessum hætti.

Lögfesting frumvarpsins hefur hvorki áhrif á gjaldskyldu né gjaldfjárhæð. Breytingin varðar einungis þennan endurgreiðsluþátt. Samkvæmt því verður í síðasta sinn endurgreitt á grundvelli umræddrar iðgjaldsgreiðslu samtímis álagningu tryggingagjaldsins á desemberlaun 2003.

Hækkun á gjaldi í framkvæmdasjóð aldraðra. Heilbrigðis og tryggingaráðherra hefur lagt fram frumvarp þar sem gert er ráð fyrir að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 2,5%, eða úr 5.440 kr. í 5.576 kr. Hækkunin er samkvæmt frumvarpinu gerð vegna verðlagsbreytinga. Tekjuviðmiðun gjaldsins færst einnig til í samræmi við skattleysismörk tekjuársins.

S. Har.

Eignarskattar einstaklinga

Skipting skattbyrði árið 2002

PÁLL KOLBEINS

Það hlýtur að teljast til stórtíðinda í skattamálum að eignarskattar einstaklinga lækkuðu um rúma tvo milljarða við álagningu í sumar. Eignarskattar voru 3.723 milljónir við álagningu árið 2002 en þar af var sérstakur eignarskattur rúmlega 362 milljónir. Í ár voru lagðar rúmlega 1.782 milljónir í skatt á eignir landsmanna.

Það var viðbúið að eignarskattar lækkuðu enda höfðu skatthlutföll verið lækkuð verulega frá álagningu í fyrra. Í fyrra var lagður almennur 1,2% eignarskattur á skuldlausar eignir einhleypinga umfram 4.720.000 kr. viðmiðunarmörk og sérstakur eignarskattur á skuldlausar eignir umfram 6.332.500 kr. Hjá samsköttuðum hjónum og sambúðarfólki var miðað við tvöföld eignarmörk einhleypings. Í sumar var lagður 0,6% skattur á eignir einhleypinga umfram sömu eignarmörk, en sérstakur eignarskattur var felldur niður.

Hagur einhverra gjaldenda hlýtur að vænka nokkuð þegar eignarskattar eru

lækkaðir um rúmlega tvo milljarða, en líta má á skattalækkanir sem ígildi tekna sem eru rúmum 60% hærri en skatturinn sem var greiddur. Þannig hagnast gjaldendur jafn mikið á 100 kr. skattalækkun og 160 kr. kauphækkun. Í báðum tilvikum má gera ráð fyrir að ráðstöfunartekjur aukist um 100 kr. Eins og gefur að skilja hagnast sumir meira en aðrir á lækkun skatta. Þeir sem greiða hæsta skatta hagnast mest en þeir, sem enga skatta greiða, hagnast ekkert. Hagur þeirra er óbreyttur. Í ljósi þessa er forvitnilegt að skoða hvernig skattbyrði eignarskatta skiptist við álagningu árið 2002, en það var í síðasta skipti sem sérstakur eignarskattur var lagður á eignir landsmanna.

Margir aldraðra greiddu eignarskatta

Árið 2002 voru 215.610 framteljendur á skattgrunnskrá en þar af voru 99.710 einhleypir og 115.820 samskattaðir. Eignarskattar voru lagðir á 15.598 ein-

hleypinga og 22.540 hjón, alls 60.678 manns. Ef lítið er til þess hvernig eignarskattar skiptust á þessa framteljendur með hliðsjón af aldri kemur í ljós að flestir skattgreiddendur voru komnir fram yfir miðjan aldur. Fleiri framteljendur úr hverjum árgangi greiddu eignarskatt eftir því sem framteljendur voru eldri. Það voru hins vegar gjaldendur sem fæddir eru á árabílinu frá 1935 til 1955 sem greiða að jafnaði mestan skatt.

Árið 2002 voru 99.710 einhleypingar á skattgrunnskrá en þar af voru 13.889 fæddir fyrir árið 1935, eða um 13,9% einhleypinga á grunnskrá. Eignarskattur var lagður á 6.853 þessara einhleypinga, eða 49,3% aldurshópsins. Einhleypingar sem fæddir voru fyrir árið 1935 voru um 43,9% þeirra einhleypinga sem greiddu eignarskatt. Alls voru 500 milljónir lagðar á einhleypinga sem fæddir voru fyrir árið 1935 í eignarskatta. Eignarskattar einhleypinga voru alls 1.168 milljónir og því báru einhleypir gjaldendur sem greiddu eignar-

Skipting eignarskatta einhleypinga eftir fæðingarári

Fæðingarár framteljanda	Fjöldi einhleypinga	Fjöldi gjaldenda eignarskatta	Eignarskattur	Sérstakur eignarskattur	Eignarskattar einhleypinga	Aldurshópur hlutfall af einhlyppum	Gjaldendur á aldursbili af gjaldendum	Gjaldendur skatts af aldurshópi	Hlutfall af eignarsköttum einhleypinga	Hlutfall af eignarsköttum einstaklinga
1934 og fyrr	13.889	6.853	500	0	500	13,9%	43,9%	49,3%	42,8%	13,4%
1935-1955	14.634	5.572	418	64	482	14,7%	35,7%	38,1%	41,3%	13,0%
1955-1985	71.267	3.173	162	23	186	71,4%	20,3%	4,5%	15,9%	5,0%
Samtals	99.790	15.598	1.081	87	1.168	100,0%	100,0%	15,6%	100,0%	31,4%

Skipting eignarskatta hjóna og sambúðarfólks eftir fæðingarári þess maka sem er eldri

Fæðingarár framteljanda	Fjöldi hjóna	Fjöldi gjaldenda eignarskatta	Eignarskattur	Sérstakur eignarskattur	Eignarskattar hjóna	Aldurshópur hlutfall af hjónum	Gjaldendur á aldursbili af gjaldendum	Gjaldendur skatts af aldurshópi	Hlutfall af eignarsköttum hjóna	Hlutfall af eignarsköttum einstaklinga
1934 og fyrr	9.522	5.808	547	13	559	16,4%	25,8%	61,0%	21,9%	15,0%
1935-1955	21.398	11.888	1.369	212	1.581	37,0%	52,7%	55,6%	61,9%	42,5%
1955-1985	26.990	4.844	365	50	415	46,6%	21,5%	17,9%	16,2%	11,1%
Samtals	57.910	22.540	2.280	274	2.555	100,0%	100,0%	38,9%	100,0%	68,6%

Skipting eignarskatta eftir fæðingarári gjaldenda*

Fæðingarár framteljanda	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi gjaldenda eignarskatta	Eignarskattur	Sérstakur eignarskattur	Eignarskattar alls	Aldurshópur hlutfall af einstaklingum	Gjaldendur á aldursbili af gjaldendum	Gjaldendur skatts af aldurshópi	Hlutfall af eignarsköttum einstaklinga
1934 og fyrr	32.933	18.469	1.047	13	1.060	15,3%	30,4%	56,1%	28,5%
1935-1955	57.430	29.348	1.787	275	2.063	26,6%	48,4%	51,1%	55,4%
1955-1985	125.247	12.861	527	73	600	58,1%	21,2%	10,3%	16,1%
Samtals	215.610	60.678	3.361	362	3.723	100,0%	100,0%	28,1%	100,0%



*Hjá hjónum og sambúðarfólki er miðað við aldur þess maka sem er eldri

skatt og fæddir voru fyrir 1935 um 42,8% eignarskatta einhleypinga. Þetta eru 13,4% samanlagðra eignarskatta einstaklinga.

Af 57.910 hjónum á grunnskrá árið 2002 voru 9.522 fjölskyldur þar sem eldri maki var fæddur fyrir 1935, sem var um 16,4% samskattaðra fjölskyldna. Reikna má með að í þessum fjölskyldum hafi verið 19.044 einstaklingar, eða 8,8% framteljenda á skattgrunnskrá. Eignarskattar voru lagðir á 5.808 fjölskyldur þar sem eldri maki var fæddur fyrir árið 1935, eða 61% fjölskyldnanna. Rétt rúmur fjórðungur þeirra 22.540 fjölskyldna sem töldu fram skuldlausar eignir yfir viðmiðunarmörkum, eða 25,8%, voru fjölskyldur þar sem annað eða bæði hjóna voru fædd fyrir árið 1935. Reikna má með að 11.616 einstaklingar hafi verið í þessum fjölskyldum sem þurftu að gjalda skatt af eignum en þetta voru 19,1% gjaldenda eignarskatts. Alls voru 559 milljónir lagðar í skatt á eignir þessara gjaldenda en það voru um 15% af þeim 3.723 milljónum sem lagðar voru á í skatt á eignir einstaklinga og um 21,9% af 2.555 milljóna eignarskatti hjóna og sambúðarfólks. Sérstakur eignarskattur þessa hóps var um 13 milljónir sem var þá um 3,6% sérstaks eignarskatts og um 4,7% sérstaks eignarskatts hjóna.


Fólk á miðjum aldri greiddi mest þó að stór hópur framteljenda sem fæddir eru fyrir 1935 greiddi skatta af eignum árið 2002 var stærstur hluti skattsins borinn af gjaldendum sem fæddir voru árið 1935 eða seinna. Einhleypir framteljendur sem fæddir voru á árunum frá 1935 til 1955 voru 14.634, sem var um 6,8% framteljenda á skrá og 14,7% einhleypira framteljenda. Eignarskattar voru lagðir á 5.572 einhleypinga úr þessum aldurshópi, en það eru 38,1% einhleypinga sem fæddir eru á árabílinu. Um 9,2% gjaldenda eignarskatta voru einhleypingar fæddir á árabílinu 1935 til 1955. Rúmar 482 milljónir voru lagðar á eignir einhleypinga úr þessum aldurshópi, sem er um 41,3% eignarskatta einhleypinga, en þar af var sérstakur eignarskattur 64 milljónir, sem er um 73,6% sérstaks eignarskatts einhleypinga. Þessir framteljendur greiddu 13% samanlagðra eignarskatta einstaklinga og um 17,7% sérstaks eignarskatts.

Af hjónum og samsköttaðum sambúðarfólk á grunnskrá voru 21.398 hjón þar sem eldri maki var fæddur á árabílinu 1935 til 1955. Þetta eru um 37% samskattaðra fjölskyldna. Reikna má með að í þessum fjölskyldum hafi verið 42.796 einstaklingar, eða um 19,8%




framteljenda á grunnskrá. Eignarskattar voru lagðir á 11.888 þessara fjölskyldna, eða um 55,6% fjölskyldna þar sem eldri maki var fæddur á umræddu árabíli. Rúmlega helmingur þeirra 22.540 fjölskyldna sem töldu fram skuldlausar eignir yfir viðmiðunarmörkum, eða 52,7%, voru fjölskyldur þar sem eldri maki var fæddur á árabílinu frá 1935 til 1955. Reikna má með að 23.776 einstaklingar hafi verið í þessum fjölskyldum og flestir þeirra því þurft að gjalda skatt af eignum en þetta voru um 39,2% gjaldenda eignarskatts. Alls var 1.581 milljón lögð í skatt á eignir þessara gjaldenda en það voru um 61,9% eignarskatta hjóna og sambúðarfólks en um 42,5% álagðra eignarskatta. Sérstakur eignarskattur þessa hóps var um 212 milljónir sem var 58,6% sérstaks eignarskatts einstaklinga og um 77,4% sérstaks eignarskatts hjóna.

Þeir tekjuhæstu greiddu mest Eignarskattar voru lagðir á gjaldendur úr öllum tekjuhópum en það voru þó tekjuhæstu framteljendurnir sem greiddu mesta skatta af eignum í fyrra. Ef framtölum einhleypira framteljenda er raðað í vaxandi röð eftir heildartekjum og síðan skipt í tuttugu jafnstóra hópa þá féllu 4.990 framteljendur í hvern hóp. Um helmingur einhleypira framteljenda taldi fram heildartekjur undir 1.451 þús. á ári, en alls voru 49.900 einhleypir framteljendur með tekjur undir þessum mörkum. Eignarskattar voru lagðir á 4.705 framteljendur, eða 9,4% framteljenda undir fyrrnefndum tekjumörkum. Um 30,2% einhleypinga sem greiddu eignarskatta voru með tekjur undir 1.451 þús. á ári. Um 69,8% voru með hærri tekjur. Einhleypingar í tekjulægri helmingnum voru um 7,8% þeirra gjaldenda sem greiddu eignar-



voru 283 milljónir lagðar í skatt á eignir tekjuhæstu einhleypinganna, sem eru jafnframt 24,2% eignarskatta einhleypinga og 7,6% álagðra eignarskatta einstaklinga. Af 283 milljónum sem lagðar voru á hópinn var 31 milljón sérstakur eignarskattur, sem er 35% af sérstöku eignarskatti einhleypinga og 8,6% sérstaks eignarskatts einstaklinga.

Svipaða sögu er að segja af samsköttuðum hjónum og sambúðarfólki. Þeir tekjuhæstu greiddu mestan eignarskatt við álagningu 2002. Ef hjónum er skipt í tuttugu jafnstóra hópa eftir heildartekjum þá voru 2.896 hjón á hverju tekjubili. Alls töldu 28.960 hjón fram samanlagðar heildartekjur undir 4.832 þús., en helmingur hjóna og sambúðarfólks var með tekjur undir þessum mörkum. Gera má ráð fyrir að um 57.920 einstaklingar séu í þessum fjölskyldum, eða um 26,9% framteljenda á grunnskrá. Eignarskattar voru lagðir á 10.138 þessara fjölskyldna, eða um 35% fjölskyldnanna. Um 45% af þeim 22.540 fjölskyldum sem lagt var á voru úr þessum tekjuhópi. Ef reiknað er með að 20.276 einstaklingar séu í þeim 10.138 fjölskyldum sem töldu fram heildartekjur undir 4.832 þús. á ári þá voru 33,4% þeirra einstaklinga sem lagt var á úr þessum hópi. Hjón og sambúðarfólk í neðri helmingi tekjustigans greiddu um 802 milljónir í eignarskatta við álagningu árið 2002, eða um 31,4% eignarskatta hjóna og sambúðarfólks. Þetta voru um 21,5% samanlagðra eignarskatta einstaklinga. Sérstakur eignarskattur þessa hóps var 63 milljónir, en það voru um 23% sérstaks eignarskatts hjóna og sambúðarfólks og 17,4% sérstaks eignarskatts einstaklinga.



skatta við álagningu árið 2002. Alls voru 260 milljónir af þeim 1.168 milljónum sem lagðar voru á einhleypinga í skatta á eignir árið 2002 lagðar á eignir þessara 4.705 einhleypinga. Þeir báru því 22,3% eignarskatta einhleypinga eða um 7% eignarskatta einstaklinga. Af þessum 260 milljónum voru 11 milljónir sérstakur eignarskattur, eða 12,7% eignarskatta einhleypinga og 3% sérstaks eignarskatts einstaklinga. Stór hópur einhleypinga eru ungmenni og aldraðir og því kemur ekki á óvart að tiltölulega fáir í tekjulægstu hópum einhleypinga hafi greitt skatt af eignum í fyrra.

Fimmtungur einhleypinga taldi fram heildartekjur á bilinu frá 2.393 þús. til 4.484 þús. á ári en í þessum hópi voru 19.956 framteljendur. Um 9,3% framteljenda á grunnskrá voru einhleypingar með heildartekjur á þessu bili. Eignarskattar voru lagðir á 4.460 gjaldendur úr þessum hópi en þetta voru 28,6% einhleypinga gjaldenda eignarskatta og

7,4% þeirra einstaklinga sem gert var að gjalda skatt af skuldlausum eignum við álagningu 2002. Alls voru 337 milljónir lagðar á þennan hóp einhleypinga í eignarskatta, sem var um 28,9% eignarskatta einhleypinga og 9,1% samanlagðra eignarskatta einstaklinga. Þessi hópur greiddi 29 milljónir í sérstakan eignarskatt, eða um 33,3% sérstaks eignarskatts einhleypinga og 8% heildarálagningar sérstaks eignarskatts.

Fimm prósent einhleypinga framteljenda töldu fram meira en 4.484 þús. í heildartekjur á framtali ársins 2002. Til þessa hóps teljast 4.989 einhleypingar, eða um 2,3% framteljenda á grunnskrá. Eignarskattar voru lagðir á 1.785 þessara 4.989 einhleypinga, eða 39,8% einhleypinga á tekjubilinu. Um 11,4% einhleypinga sem greiddu eignarskatta voru með meira en 4.484 þús. í árstekjur en þeir voru jafnframt um 2,9% þeirra 60.678 einstaklinga sem eignarskattar voru lagðir á. Samtals

Árið 2002 töldu 11.580 hjón og sambúðarfólk fram heildartekjur á bilinu 6.595 þús. til 10.687 þús. en 20% hjóna og sambúðarfólks taldi fram samanlagðar tekjur á þessu bili við framtalsskil í fyrra. Gera má ráð fyrir að 23.160 einstaklingar séu í þessum fjölskyldum en það voru 10,7% framteljenda á grunnskrá. Lagður var eignarskattur á 5.283 hjón úr þessum hópi, eða 45,6% hjóna og sambúðarfólks á tekjubilinu. Um 51,4% hjóna og sambúðarfólks sem greiddu eignarskatta árið 2002 voru með tekjur á bilinu frá 6.595 þús. til 10.687 þús., en þetta eru 29,3% þeirra hjóna sem lagt var á. Reikna má með að hér sé um að ræða 13.190 einstaklinga, eða 21,7% einstaklinga sem greiddu eignarskatta við álagningu 2002. Alls voru 659 milljónir lagðar á eignir þessara hjóna, sem var um 25,8% eignarskatta hjóna. Lagðar voru 75 milljónir í sérstakan skatt á

eignir þessa hóps, en það voru um 27,4% sérstaks eignarskatts hjóna og sambúðarfólks og 20,7% eignarskatta einstaklinga.

Fimm prósent hjóna, eða 2.895 hjón, töldu fram tekjur yfir 10.687 þús. Í þessum 2.895 fjölskyldum voru 5.790 framteljendur sem er 2,7% framteljenda á grunnskrá. Lagðir voru eignarskattar á 70,3% hjóna yfir þessum tekjumörkum, eða 2.035 hjón. Hjón úr þessum fjölskyldum voru því um 9% hjóna sem lagt var á. Gera má ráð fyrir að 4.070 einstaklingar séu í fjölskyldunum og því má reikna með að um 6,7% gjaldenda eignarskatta hafi verið hjón með meira en 10.687 þús. í árstekjur. Alls voru 612 milljónir lagðar á í skatt á eignir hjóna sem voru með samanlagðar heildartekjur yfir 10.687 þús., en 24% eignarskatta hjóna var lagður á þessar fjölskyldur. Þetta voru 16,4% af heildarálagningu eignarskatta í fyrra. Rúmlega 86 milljónir voru lagðar á í sérstakan skatt á eignir þessara 2.895 fjölskyldna, en 31,4% sérstaks eignarskatts hjóna og 23,8% samanlagðra eignarskatta einstaklinga var lagður á í skatt á eignir þeirra fimm prósent hjóna sem voru með hæstar tekjur árið 2001.

Flestir greiddu lítið

Lang flestir sem greiddu eignarskatt við álagningu 2002 greiddu tiltölulega lítinn skatt af eignum, en þó var fámennur hópur gjaldenda sem greiddi umtalsverðar fjárhæðir í eignarskatt. Sem segir var lagður eignarskattur á 15.598 einhleypinga. Enginn eignarskattur var lagður á eignir 84.192 einhleypinga, eða 84,4% einhleypinga á grunnskrá en eignarskattar voru lagðir á eignir 15,6% einhleypinga. Rúmur helmingur einhleypinga sem greiddu eignarskatt á annað borð, eða 53,1% einhleypinga gjaldenda eignarskatta, greiddu minna en 50 þús. í skatta af eignum árið 2002. Þessum 8.290 gjaldendum, sem voru um 13,7% gjaldenda eignarskatta, var gert að greiða rúmar 185 milljónir í eignarskatta, sem eru 15,8% álagðra eignarskatta einhleypinga, en 5% heildarálagningar eignarskatta árið 2002. Sérstakur eignarskattur þessa hóps var fimm milljónir, sem er 8,7% sérstaks eignarskatts einhleypinga en 1,4% sérstaks eignarskatts. Það voru því 7,3% einhleypinga sem greiddu meira en 50 þús. í eignarskatta en þessir gjaldendur greiddu jafnframt 84,4% eignarskatts einhleypinga.

Um 4.196 einhleypum gjaldendum var gert að greiða 50 til 100 þús. í eignarskatta þannig að 12.486 einhleypingar af þeim 15.598 einhleypingum sem lagt var á, eða 80%, greiddu

Skipting eignarskatta einhleypinga eftir upphæð skatts

Eignarskattar í þúsundum kr.	Gjaldendur eignarskatts	Eignarskattur	Sérstakur eignarskattur	Eignarskattar samtals	Skipting gjaldenda	Hlutfall eignarskatta einhleypinga	Hlutfall eignarskatta einstaklinga
Enginn eignarskattur	84.192						
0-50	8.290	179	5	185	53,1%	15,8%	5,0%
50-100	4.196	281	17	298	26,9%	25,5%	8,0%
100-150	1.461	164	13	177	9,4%	15,2%	4,8%
150-200	1.056	182	16	198	6,8%	17,0%	5,3%
250-500	441	132	16	148	2,8%	12,7%	4,0%
500+	154	143	19	161	1,0%	13,8%	4,3%
Samtals	15.598	1.081	87	1.168	100,0%	100,0%	31,4%

Skipting eignarskatta hjóna eftir upphæð skatts

Eignarskattar í þúsundum kr.	Gjaldendur eignarskatts	Eignarskattur	Sérstakur eignarskattur	Eignarskattar samtals	Skipting gjaldenda	Hlutfall eignarskatta hjóna	Hlutfall eignarskatta einstaklinga
Enginn eignarskattur	35.370						
0-50	9.448	208	3	211	41,9%	8,3%	5,7%
50-100	5.040	342	25	367	22,4%	14,4%	9,8%
100-150	3.056	341	36	377	13,6%	14,7%	10,1%
150-200	2.991	503	67	570	13,3%	22,3%	15,3%
250-500	1.481	427	68	495	6,6%	19,4%	13,3%
500+	524	460	76	536	2,3%	21,0%	14,4%
Samtals	22.540	2.280	274	2.555	100,0%	100,0%	68,6%

minna en 100 þús. í eignarskatta á ári. 1.461 einhleypingur greiddi á bilinu 100 til 150 þús. á ári og því greiddu 13.947 eða 89,4% einhleypinga minna en 150 þús. kr. á ári í eignarskatta. Þessi hópur greiddi um 660 milljónir af eignarsköttum einhleypinga árið 2002, sem er 56,5% af heildarupphæðinni. Af þessum 660 milljónum voru 36 milljónir sérstakur eignarskattur, eða 41,4% heildarfjárhæðarinnar.

Um 3,8% einhleypinga, eða 595 gjaldendur, greiddu meira en 250 þús. í eignarskatta á ári, en 309 milljónir voru lagðar á í skatt á eignir þessara gjaldenda. Þetta voru 26,5% eignarskatta einhleypinga. Þessi hópur greiddi 35 milljónir í sérstakan eignarskatt og því hafa þessir 595 einstaklingar borið rúmlega 21,8% sérstaks eignarskatts einhleypinga, og 8,3% eignarskatta einstaklinga. Þessir 595 gjaldendur voru 1% einhleypinga á grunnskrá og 1% þeirra 60.578 einstaklinga sem greiddu eignarskatta við álagningu 2002.

Í fyrra voru 57.910 hjóna á grunnskrá en af þeim hópi var enginn eignarskattur lagður á 35.370 hjón, en það voru 61,1% samskattaðra hjóna á grunnskrá. Tæpur helmingur samskattaðra fjölskyldna sem greiddu eignarskatta, eða 49,1%, greiddu minna en 50 þús. í eignarskatta við álagningu árið 2002. Þetta voru 9.448 fjölskyldur. Reikna má með að fjölskyldurnar samanstandi af 18.896 einstaklingum, eða 31,1% gjaldenda eignarskatta. Rúmar 211

milljónir voru lagðar á þennan hóp, sem eru um 8,3% eignarskatta hjóna og 5,7% heildarálagningar eignarskatta.

Alls greiddu 14.488 hjón minna en 100 þúsund í eignarskatta en það eru 64,3% þeirra hjóna og sambúðarfólks sem greiddu einhvern eignarskatt. Ef reiknað er með að bæði hjóna beri eignarskatt sem lagður er á sameiginlega eign þá voru 28.976 einstaklingar í þessum fjölskyldum sem eru 47,8% þeirra 60.678 einstaklinga sem báru skatt af eignum í fyrra. Þessir framteljendur greiddu 578 milljónir í eignarskatta, sem var 22,6% eignarskatta hjóna og 15,5% álagðra eignarskatta einstaklinga. Þessi hjón greiddu 27 milljónir í sérstakan eignarskatt sem er 9,9% sérstaks eignarskatts hjóna og 7,5% sérstaks eignarskatts árið 2002. Um 13,9% hjóna og sambúðarfólks greiddu meira en 100 þús. kr. í eignarskatta, en þessi hópur greiddi um 77,4% samanlagðra eignarskatta hjóna.

Um 2,3% þeirra hjóna sem greiddu eignarskatta í fyrra greiddu meira en 500 þús. kr. Hér er um að ræða 524 hjón. Rúmar 536 milljónir voru lagðar í skatt á eignir þessara hjóna, sem er um 21% samanlagðra eignarskatta hjóna og 14,1% heildarálagningar eignarskatta einstaklinga. Þessar fjölskyldur greiddu 76 milljónir í sérstakan eignarskatt sem er 27,7% sérstaks eignarskatts hjóna og 21% sérstaks eignarskatts sem var lagður á einstaklinga í fyrra.

Malthusargildir



JÓHANNES
HRAUNFJÖRD
KARLSSON

Þátt hefur eins mikil áhrif á mannkynssöguna og mannfjöldinn. Stofnanir, sveitarstjórnir og fyrirtæki miða áætlanir sínar og spár að miklu leyti við mannfjöldann, þróun hans og ýmsar tölfraðilegar forsendur sem tengjast honum. Hvað hefja mörg börn skólagöngu árið 2010 í sveitarfélaginu, spyrja sveitastjórnarmenn. Hvað deyjá margir með lögheimili hér í hreppnum árið 2015, spyr hreppstjórnin. Þarf að huga að kirkjugarði? Hvernig standa dagheimilismál hér í bæ? Er nýtt baby-boom í aðsigi? Fyrirtækin huga frekar að stærð og lögun mannfjöldans. Eru menn almennt að stækka, minnka, fitna eða grennast? spyrja fataframleiðendur. Hver er normaldreifingin í fótastærð landsmanna spyrja skóframleiðendur. Þannig mætti lengi telja.

Verkalýðshreyfingin og ríkisvaldið huga hins vegar frekar að aldursrasmsetningu mannfjöldans. Hvað verða margir vinnufærir árið 2020, spyrja þau. Hvert verður hlutfall ellilífeyrisþega árið 2040? En vinnufærra? Verða nógu margir vinnufærir til að standa undir velferðarkerfinu, eða þarf að breyta skattakerfinu? Hvað um eftirlaunaaldurinn og lífeyriskerfið, spyr verkalýðshreyfingin.

Á meginlandi Evrópu er þetta eitt heitasta umræðuefnið um þessar mundir og þarf ekki að koma á óvart. Þegar járnkanslarinn Otto von Bismarck (1815-1898) kom eftirlaunakerfinu á í Þýskalandi árið 1889 var eftirlaunaaldurinn 70 ár en lífslíkurarn ekki nema 48 ár. Þegar hið svokallaða baby-boom í upphafi sjötta áratugarins stóð sem hæst í Evrópu átti hver kona að meðaltali 2,7 börn. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Fæðingartíðnin í þessum löndum hefur hrúnið, ekki nema 1,5 barn að meðaltali á konu, en hún þarf að vera 2,1 barn svo um fjölgun sé að ræða. Jafnframt hefur ævilengdin rokið upp, lífslíkur þýskra karla við fæðingu eru um 75 ár en kvenna 80 ár. Við 65 ára aldur geta karlmenn vænst þess að lifa enn í rúm tólf ár. Eftirlaunaaldurinn hefur hins vegar lækkað um tíu ár frá því járnkanslarinn kom eftirlaunakerfinu á. Upphaflega var miðað við 70 ára aldur, sem fyrr segir, en nú er eftirlaunaaldurinn um 60 ár, þó svoltið misjafnt eftir löndum og starfsgreinum. Af þessu leiðir að hlutfall vinnandi manna fer sífellt lækandi. Í Þýskalandi eru t.d. tæplega þrjár starfandi á móti hverjum einum eftirlaunaþega. Með sömu þróun verður hlutfallið einn á móti einum árið 2030, vinnandi maður á eftirlaunamann. Hagstofan gerir ráð fyrir samskonar breytingum hérlendis, þótt lægra hlutfall aldraðra, hærri fæðingartíðni og hærri eftirlaunaaldur en í nágrennalöndunum gefi stjórnvöldum og verkalýðshreyfingu lengri aðlögunartíma. Þá má geta þess að hérlendis er annað lífeyrissjóðakerfi en í grannríkjunum,

hér eru söfnunarsjóðir í stað gegnumstreymiskerfis.

Það er ekki nýtt að menn álíti að efnahagskerfi geti ekki borið nema ákveðinn fjölda manna. Platón (f.Kr. 427-347) taldi t.d. að Aþenuborg gæti ekki borið nema 5.040 íbúa með góðu móti. Frægastur þessara kennismiða er án efa Thomas Robert Malthus. Hann fæddist 14. febrúar 1766. Faðir hans, Daníel Malthus var óðalsbóndi nálægt Guildford í Suður-Englandi, góður vinur heimspekinganna Davids Hume (1711-1776) og Rousseau (1712-1778), sannur Upplýsingarmaður sem trúði á framfarir og sam hjálp. Hann menntaði son sinn í sama anda, þar til stráksi fékk inngöngu í Cambridge, hvar hann lagði stund á stærðfræði og vísindi og útskrifaðist sem prestur 1788. Malthus eldri varð fyrir sterkum áhrifum frá franska heimspekingnum og byltingarmanninum Condorcet (1743-1794) sem samdi merkt rit um þróun andans, og frá enska rithöfundinum og heimspekingnum William Godwin (1756-1836) sem lét sér annt um fátækrahjálp. Þess má geta að Godwin giftist Mary Wollstonecraft (1759-1797), frægri baráttukonu sem m.a. gaf út mannréttindayfirlýsingu kvenna 1792, í kjölfar frönsku byltingarinnar. Saman áttu þau dótturina Mary Shelley, sem skrifaði hina ódauðlegu bók um Frankenstein. Það er aftur önnur saga sem ekki verður rakin hér.

Hugmyndir Godwins áttu miklu fylgi að fagna í Englandi og höfðu m.a. þau áhrif að forsætisráðherra Breta, William Pitt yngri (1759-1806), setti nýja og endurbætta fátækralöggjöf 1795. Hún tryggði fátæklingum með tekjur undir

an og lífeyrismálin

ákveðnu marki fjárhagsaðstoð. Malthus eldri var ákafur stuðningsmaður þessara laga en einhver uppreisnandi virðist hafa hlaupið í soninn því hann fann þeim allt til foráttu. Þeir feðgar deildu ákaft um ágæti laganna og hélt sá yngri því statt og stöðugt fram að þetta gæti aldrei blessast. Ótækt væri að ríkið létti byrðum af fátæklingum. Þeir yrðu að gera það sjálfir. Útkoman varð 50.000 orða Ritgerð um eðli og orsakir mannfjöldapróunar með sérstökum athugasemdum um hugmyndir Godwins og Condorcet, sem faðir hans gaf út á eigin kostnað árið 1798 þótt hann væri auðvitað ekki sammála niðurstöðunni.

Bók Malthusar, Ritgerð um mannfjölda, eins og hún er yfirleitt kölluð, er tímamótaverk. Hann ræðst þar á ríkjandi hugmyndafræði kirkjunnar: Verið frjósöm, margfaldist og uppfyllið jörðina, og gjörrið ykkur hana undirgefna, sagði Guð við Adam og Evu. Þetta viðhorf hafði ekkert breyst frá árdögum kristinnar og birtist m.a. hjá franska hagfræðingnum og heimspekingnum Jean Bodin (1530-1596). Eini auðurinn var mannauður. Samkvæmt Malthusi var sambúð manns og náttúru byggð á yfirburðum mannsins. Náttúran væri ekki nógu gjöfufull til að framfleyta mannskepnunni. Mannkynið væri knúið áfram af tveimur frumkröftum, þörfinni á að fæða sig og þörfinni á að fjölga sér. Maðurinn fjölgaði sér samkvæmt reglunni: 1,2,4,8,16, 32 ... en matvælaframleiðslan yxi samkvæmt reglunni 1,2,3,4,5 ... Þá væri stutt í að matvælaframleiðslan

dygði ekki og gerðist þá annað tveggja: svo margir færust í farsótt eða náttúruhamförum að jafnvægi næðist milli matvælaframleiðslu og mannfjölda, eða hungursneyð væri óhjákvæmileg, og næðist þá jafnvægi.

Malthus skipti þeim þáttum sem hann taldi hafa áhrif á fjölgun mannkyns í jákvæða og neikvæða fækkunarþætti. Jákvæðir fækkunarþættir voru hungursneyð, stríð, eldgos og farsóttir, en neikvæðir fækkunarþættir voru skírffí, frestun hjónabandsskyldunnar og getnaðarvarnir. Malthus velti því fyrir sér hvernig væri hægt að hægja á fjölguninni og spurði: Hvað á að gera við mann sem giftir sig ungur? Á að hýða hann á almannaferi? Stinga honum inn? Hafa börnin hans til sýnis sem víti til varnaðar? Allar aðgerðir í þessa átt eru í eðli sínu ómannúðlegar og óeðlilegar, sagði hann. Eina leiðin var að koma þessum vesalings aumingjum sem voru atvinnulausir í svokölluð vinnuhús, þar sem fjölskyldur væru slitnar í sundur, konur og börn væru í öðrum húsum en feðurnir, og allir yrðu látnir una við þröngan kost og langan vinnudag. Fólk yrði að finna hjá sér hvöt til að leita sér að betra viðurværi. Þá lagði hann til að hjónæfnunum yrði gerð grein fyrir fjárhagslegri ábyrgð sinni á ávöxtum ástarinnar með því að lesin yrði yfirlýsing þess efnis við athöfnina. Samt var Malthus þess fullviss að kynhvötin hefði yfirhöndina að lokum. Mannkynið væri dæmt til að endasendast milli hungursneyða eða farsóttar og offjölgunar.

Miklir umbrotatímar áttu sér stað í Bretlandi um aldamótin 1800. Iðnbyltingin var að hefjast og fólk streymdi úr sveitum til borganna í von um betra líf. Húsnæðisskorturinn lét ekki á sér standa, ásamt atvinnuleysi og þeim hörmungum sem því fylgja. Í þá daga voru menn ekki að hafa áhyggjur af hreinlæti, en Florence Nightingale (1820-1910) sýndi fyrst fram á gildi hreinlætis í baráttunni við sjúkdóma í Krímstríðinu 1854-1856. Iðnaðarborgir eins og Manchester voru yfirfullar af atvinnulausu, vegalausum og sjúku fólki.

Bók Malthusar hafði mikil áhrif og hlaut mikla umræðu strax og hún kom út. Menn urðu hræddir. Getur það verið að við getum ekki brauðfætt okkur? spurðu þeir. Ekki þurfti annað en að líta út á götu til að sjá að eitthvað væri til í kenningum Malthusar. Pitt yngri afturkallaði hin nýju fátækralög, aðeins tveimur árum eftir að þau höfðu verið sett. Fólk sneri baki við kenningum Condorcet og Godwins um bættan aðbúnað fátæklinga, þar sem slíkt taldist yta undir óaskilega frjósemi. Það gerði hvort sem er ekkert annað en að flýta fyrir óumflýjanlegri þróun: matvælaskorti fyrir alla, háa sem lága. Kirkjugestir hættu jafnvel að gefa í söfnunarbaukana. Jafnframt er talið að bók Malthusar hafi verið kveikjan að siðfræði Viktoríutímans, sem talinn er hefjast 1837, þremur árum eftir lát hans, með krýningu Viktoríu (1819-1901). Einnig er næsta víst að þessar kenningar hafi lagt grunninn að þróunarkenningu Darwins - the survival of the fittest, ekki satt? Ekki varð það til að bæta úr skák, þegar Malthus hélt því fram að ástandið hefði verið mun betra,

hefðu góðar sálir aldrei gert neitt til að hjálpa bágstöddum.

Kenningar Malthusar náðu einnig hingað til lands. Með þeim var hægt að skýra alla Íslandssöguna, allt frá landnámi og fram á miðja 19. öld, og voru menn almennt á því að landið hefði ekki getað borið fleiri einstaklinga en 50.000. Þegar þeim merka fjölda var náð var eins og við manninn mælt, þá kom annað hvort hallæri, svartidauði, hungur, stórabóla, eldgos eða jafnvel þetta allt í senn. Á fyrri hluta 19. aldar fór mannfjöldinn að nálgast þennan tiltekna fjölda og stóðu menn með öndina í hálsinum og biðu örlaga sinna. Nú hlyti eitthvað voðalegt að gerast. Menn bentu gjarna á svartadauða árið 1402-1404, stórubólu 1707-1709 og móðuharðindin 1783 máli sínu til stuðnings, en þá fækkaði landsmönnum talsvert. Til dæmis er talið að þriðjungur landsmanna hafi dáið í stórubólu einni, þegar þeim fækkaði úr rúmum 50.000 í um 34.000.

Auðvitað getur jörðin ekki borið óendanlegan fjölda. Það liggur í hlutarins eðli og þarf ekki að fjölyrða um. Hins vegar hefur margt verið fundið að kenningum Malthusar. Hann gerði að vísu ekki ráð fyrir tækninýjungum í læknávisindum eða í landbúnaði, en það þarf ekki að koma á óvart, auðvitað eru kenningar hans barn síns tíma. Hins vegar hefur verið bent á tölfræðina að baki kenningunum. Malthus byggir kenningar sínar á hugmyndum Benjamíns Franklins (1706-1790) sem hélt því fram að mannfjöldinn í Ameríku tvöfaldaðist á 25 ára fresti. Benjamín gerði bæði ráð fyrir náttúrulegri fjölgun, þ.e. fæddum umfram dána, og innflytjendum. Malthusi virðist hafa yfirsést þetta

því hann talar eingöngu um náttúrulega fjölgun. Ekki virðist hann heldur hafa haft framleiðslutölur landbúnaðarins á hreinu því talið er að hér á Vesturlöndum hafi þegar verið töluverð offramleiðsla þegar hann gaf út ritgerðina. Hins vegar tókst honum ágætlega það ætlunarverk, að mótmæla fátækralögum Pitts og breyta viðhorfum manna til samhjálpar, þótt vafalaust hafi stríðs-kostnaðurinn við Napóleón einnig haft þar áhrif.

Malthus varð heimsfrægur fyrir verk sitt og að mörgu leyti lifa hugmyndir hans enn í dag. Árið 1805 varð hann prófessor í sögu og hagfræði og kynntist David Ricardo (1772-1823), öðru stóru nafni í heimi klassískrar hagfræði. Árið 1820 gaf hann út annað stórvirki: Lögmal pólítískrar hagfræði með tilliti til hagnýts gildis þeirra, þar sem hann m.a. réttlætti hagnað fjármagnseigenda. Adam Smith (1723-1790) útskýrir í verki sínu Auðlegð þjóðanna, hvernig hagnaður verður til. Með þessu öðru stórvirki sínu tekst Malthusi að réttlæta tilvist hagnaðar fjármagnseigenda, sem væri endurgjald fyrir fjárfestingu og áhættu. Þar með ræðst presturinn aftur á hugmyndir miðaldakirkjunnar, nú á Nikeusamþykktina frá árinu 325, sem bannaði okur presta, og útfærslu Karlamagnúsar á henni frá árinu 789, sem bannaði okur einnig meðal leikmanna.

Það kom öllum í opna skjöldu þegar Malthus kvæntist og fannst sumum sem hann væri að svíkja málstaðinn. Hann átti þó ekki nema þrjú börn, annað en stórvinnur hans Ricardo sem átti ein 14. Malthus lést í desember 1834, árið sem hin hörðu fátæktarlög voru sett í Bretlandi, en þau voru byggð á hugmyndum hans um aðskilnað fjölskyldna, lélegt fæði og langan vinnudag.

Fjöðustu áratuginna hefur aldursþýramíðinn á Vesturlöndum snúist við, í stað þess að þeir yngstu myndi neðsta og breiðasta lagið og þeir elstu efsta og minnsta lagið, myndar hin svokallaða baby-boom kynslóð stærsta og breiðasta lag þýramíðans. Þegar þetta lag færast ofar stefnir allt í að þýramíðinn standi á hvolfi. Þessar miklu breytingar á lífsstíl Vesturlandabúa hafa valdið mörgum vandamálum, ekki síst í eftirlaunamálum. Flestir lífeyrissjóðir á meginlandi Evrópu eru gegnumstreymissjóðir, þ.e. ríkið innheimtir lífeyrinn með sköttunum og deilir til eftirlaunþega. Þegar skattgreiðendum fækkar og eftirlaunþegum fjölga, endar með því að lífeyrissjóðirnir standa ekki undir sér. Lífeyrskerfið stefnir í Malthusargildru þar sem eina leiðin út úr ógöngunum er að eignast fleiri börn og vinna lengur.

Helstu heimildir:

Henri Denis: Histoire de la pensée économique, Quadrige. Paris 1999.

Einar Laxness: Íslandssaga a-ö - Alfræði Vöku-Helgafells. Rvík 1995.

Íslenskur söguatlas. Annað bindi. Frá öndverðu til 18. aldar. Ritstjórar: Árni Daniel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg og Helgi Skúli Kjartansson. 3. útgáfa. Rvík 1992.

Le Monde, 23. sept. 2003.

The Economist, 27. sept. - 3. okt. 2003.

Höfundur hefur lokið M.A. prófi í sagnfræði og fjallaði lokaritgerð hans um sögu skatta á Íslandi. Hann er í framhaldsnámi í Frakklandi.

Úrskurðir yfirskattanefndar

135/2003 Vinna við eigið íbúðarhúsnæði. Aukavinna eða skattskyldur eignaauki.

Ríkisskattstjóri hækkaði skattskyldar tekjur kæranda vegna vinnu hans við íbúðarhúsnæði til eigin nota að viðbættu 25% álagi. Yfirskattanefnd staðfesti úrskurð skattstjóra en felldi niður álag. Rakti nefndin að eigin vinna skattaðila við byggingu íbúðarhúsnæðis teldist honum til skattskyldra tekna samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981. Vísaði nefndin til úrskurðarframkvæmdar þeirri niðurstöðu til stuðnings. Benti nefndin á að samkvæmt 4. tölul. 28. gr. laga nr. 75/1981 teldist eignaauki, sem stafaði af aukavinnu sem maður leggur fram utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin afnota, ekki til skattskyldra tekna. Byggði kærandi á því að 4. tölul. 28. gr. tæki til sinna starfa og var í því sambandi vísað til aðstæðna kæranda í kjölfar gjaldþrotaskipta á búi hans og þess að hann hefði á umræddum árum verið í atvinnuleit og endurmenntun. Yfirskattanefnd rakti að á þeim þremur árum sem um ræddi hefðu einu tekjur kæranda verið reiknað endurgjald 120.000 kr. tvö síðustu árin. Þá rakti nefndin upplýsingar sem fram komu á húsbýggingarskýrslum vegna byggingar íbúðarhúsnæðis kæranda þar sem fram kom efniskostnaður og vinnustundafjöldi. Taldi nefndin að þegar litið væri til þess vinnu-magns kæranda við byggingu húsnæðisins sem um væri að ræða yrði ekki fallist á að 4. tölul. 28. gr. laga nr. 75/1981 ætti við þar sem ljóst væri af beinu orðalagi þess ákvæðis að það tæki einvörðungu til eignaauka sem stafaði af aukavinnu við húsbýggingu sem maður legði fram utan venjulegs vinnutíma. Miðað við tilgreindan tímafjölda kæranda við byggingu húsnæðis síðari tvö árin léti nærri að um fullt starf hefði verið að ræða þau ár. Fyrir lægi að kærandi hefði ekki haft aðrar tekjur þau ár en óverulegt reiknað endurgjald. Þá bæri að hafa í huga að samkvæmt 10. tölul. 20. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, væri skattfrelsi eignaauka vegna aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota bundið þeim skilyrðum að einstaklingurinn hafi unnið fullan vinnutíma við hið eiginlega eða fasta starf sitt og skilað eðlilegum árstekjum af því. Taldi nefndin að umrætt ákvæði reglugerðar nr. 245/1963 væri enn í fullu gildi. Kröfum kæranda var hafnað.

245/2003 Viðbótarlífeyrissparnaður. 3. gr. laga nr. 129/1997.

Í máli þessu var deilt um hvort kærandi gæti notað greiðslur í séreignarlífeyrissjóð vegna viðbótarlífeyrissparnaðar til frá-

dráttar frá tekjuskatts- og útsvarsstofni. Tekjur kæranda samanstóðu af greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins, greiðslum úr lífeyrissjóði, félagslegri aðstoð og dagpeningum frá tryggingafélagi. Skattstjóri kvað kæranda ekki hafa haft neinar þær tekjur á gjaldárinu sem myndað gætu stofn til útreiknings lífeyrissjóðs og því væri umrædd greiðsla ekki frádráttarbær frá tekjuskattsstofni. Yfirskattanefnd staðfesti niðurstöðu skattstjóra og hafnaði kröfu kæranda.

261/2003 Gjald- og skuldfærð afföll. Skuld hlutafélags við hluthafa. Skattasniðganga.

Á hluthafafundi A ehf. 1993 var ákveðið að hækka hlutafé með útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Á sama hluthafafundi var ákveðið að lækka hlutafé um sömu fjárhæð og samþykkt að greiða hluthöfum lækkunina í formi skuldabréfa. Var nafnverð hlutabréfanna ákveðið þannig að markaðsverð þeirra, miðað við dagsetningu hluthafafundar, væri hið sama og fjárhæð lækkunar hlutafjárins. Lækkun hlutafjár nam 34.949.550 kr. Nafnverð skuldabréfanna var hins vegar samtals 281.841.620 kr. Voru bréfin vaxtalaus, óverðtryggð og án tryggingar og skyldu þau greiddast með eingreiðslu eftir 12 ár. Miðað var við 19% ávöxtunarkröfu og námu heildarafföll bréfanna því 246.892.070 kr. Var afföllunum dreift á líftíma bréfanna eða í 12 ár og 1/12 þeirra gjaldfærður í rekstri A ehf. ár hvert. Skattstjóri felldi gjaldfærð afföll niður í ársreikningum A ehf. þar sem ekki hefði verið um að ræða réttmæta frádráttarliði frá skattskyldum tekjum og eignum kæranda, sbr. 1. mgr. 1. tölul. 31. gr., 2. tölul. 51. gr. og 76. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 1. mgr. 58. gr. A ehf. kærði úrskurð skattstjóra og krafðist þess að hinn kærði úrskurður yrði felldur niður. Byggði kæran bæði á atriðum er snertu form og efni ákvörðunar skattstjóra.

Yfirskattanefnd rakti að skattyfirvöldum væri heimilt að leggja á það sjálfstætt mat, hvort atvik hefðu verið með þeim hætti að tiltekin lagaregla tæki til þeirra og væru skattyfirvöld þá ekki bundin við mat skattaðila á sömu atvikum. Við þetta mat þyrftu skattyfirvöld í sumum tilvikum að sýna fram á að skattaðili hefði hagað einkaréttarlegum ráðstöfunum sínum þannig að komast mætti hjá lögmæltri skattlagningu t.d. með óvenjulegum samningi við annan skattaðila, gerðum með það fyrir augum að sniðganga tiltekna sköttunareglu, sbr. 1. mgr. 58. gr. laga nr. 75/1981. Rakin voru ákvæði laga um lækkun hlutafjár í lögum nr. 32/1978, um hlutafélög. Kom fram í úrskurði yfirskattanefndar að ekki væri um það deilt í málinu að umrædd hlutafjár-lækkun hefði út af fyrir sig verið heimil. Rakti nefndin að eðli sínu sam-

kvæmt fæli lækku hlutafjár í sér endurgreiðslu hlutafjár til hluthafa. Þá bæru lagaskilyrði um lækku hlutafjár með sér að gert væri ráð fyrir að hlutafjár lækku væri framkvæmd með afhendingu af eignum hlutafélags til hluthafa. Taldi nefndin að þó svo viðurkennt væri að slík afhending verðmæta gæti bæði verið með greiðslu reiðufjár og eigna yrði að telja að sú aðferð A ehf. að greiða hluthöfum lækkuina að öllu leyti með útgáfu félagsins sjálfs á skuldabréfum hefði ekki verið í samræmi við það sem almennt gerist í slíkum tilvikum. Þótti nefndinni það raunar ekki fá samþýðst lagareglum um lækku hlutafjár. Taldi yfirsattanefnd að ekki væri unnt að byggja á því að hlutafjár lækkuin hefði komið til framkvæmda nema talið yrði að meta mætti umrædda útgáfu A ehf. á skuldabréfum sem sérstaka gerninga um lánveitingu hluthafanna til A ehf. Árleg afföll af skuldunum hefðu verið færð til hækkuar á skuldum í ársreikningum A ehf. en nafnverð skuldabréfanna ekki verið skuldfært. Hefðu skuldirnar því ekki verið færðar í samræmi við bókhaldslög. Yfirsattanefnd benti á að afhending skuldabréfanna hefði falið í sér verulega skuldsetningu A ehf. til langs tíma enda hafi nafnverð bréfanna numið margfalt hærrí fjárhæð en sem nam hlutafjár lækkuinni. Hlyti ráðstöfun A ehf. að kalla á sérstakar skýringar. Ekki var talið að sú ákvörðun A ehf. að skerða ekki lausafjárstöðu félagsins hefði skýrt tilganginn með fyrirkomulaginu. Taldi yfirsattanefnd að meta yrði umræddar ráðstafnir kæranda heildstætt með tilliti til ákvæða 1. mgr. 58. gr. laga nr. 75/1981. Hefði verið óvenjulegt og ekki samþýðanlegt ákvæðum um lækku hlutafjár í lögum nr. 32/1988 að greiða hluthöfum lækkuarfé með þeim hætti sem gert hefði verið í tilviki A ehf. Þá yrði ekki talið að unnt væri að meta þessar ráðstafanir sem sérstakar lánveitingar hluthafanna til A ehf. Yrði að fallast á það með skattstjóra að tilgangur með hinum umdeildu ráðstöfunum hefði fyrst og fremst verið skattalegur ávinningur. Með vísan til þess og þegar ráðstafanirnar væru virtar í heild sinni þótti ekki leika neinn vafi á því að þær hefðu verið verulega frábrugðnar því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum. Þótti ljóst að til þessara viðskipta hefði ekki komið ef eigna- og stjórnunartengslum aðila hefði ekki verið til að dreifa. Taldi yfirsattanefnd að fallast yrði á það með skattstjóra að í því tilviki sem hér um ræðir hefði svo samist milli aðila að telja yrði meginreglu 1. mgr. 58. gr. laga nr. 75/1981 taka til þess. Kröfum kæranda var hafnað.

263/2003 Gjaldfærður kostnaður. Hækkun eignarskattsstofns. Gjald- og skuldfærð afföll. Skattasniðganga.

A ehf. gaf út skuldabréf að nafnverði samtals 500 milljón ZAR (erlendum gjaldmiðill) á árinu 1996. Samsvaraði nafnverð bréfanna um sjö milljörðum íslenskra króna. Skuldabréfin voru vaxtalaus og áttu að greiðast í einu lagi á árinu 2026. A ehf. seldi B Ltd. skuldabréfin fyrir milligöngu verð-

bréfafyrirtækis og tók ávöxtunarkrafa B Ltd. mið af markaðsaðstæðum við útgáfu skuldabréfanna og nam söluverð þeirra samtals 51.565.584 kr. Námu afföll af bréfunum því ríflega 99% af nafnverði þeirra. Afföll af bréfunum voru síðan gjaldfærð hlutfallslega miðað við lánstíma í rekstri A ehf. A ehf. gaf skattstjóra þá skýringu á framangreindri lánstöku að þörf hefði verið á meira fjármagni inn í fyrirtækið vegna fjárfestinga þess og útbenslu rekstrarins. Samkvæmt ársreikningum A ehf. hafði eina umtalsverða fjárfesting félagsins á árinu 1996 verið kaup á hlut í C ehf. fyrir 216 milljónir kr. en fjárför félagsins vegna þeirrar fjárfestingar hafði numið um 50 milljónum kr. Taldi skattstjóri að A ehf. hefðu staðið ýmsir möguleikar til bóða til að uppfylla fjárförfina. Skattstjóri rakti í boðunarbréfi að fjármagn hefði farið í hring þar sem aðaleigendur að A ehf., B Ltd. og C ehf. væru þeir sömu D og F. D og F stofnuðu B Ltd. 1996 og létu félaginu í hendur fé það sama ár. Það fé var lánað A ehf. sem notaði það til að kaupa hlut í C ehf. og rann féð þá aftur í hendur D og F. Við lánstöku A ehf. hjá B Ltd. yrði til gríðarlegur fjármagnskostnaður hjá A ehf. Með úrskurði sínum taldi skattstjóri að ekki yrði talið að um hefði verið að ræða eðlilega fjármögnun á rekstrarfjárför. Hefði ekki komið til þessara óhagstæðu ráðstafana nema vegna þeirra eignar- og stjórnunartengsla sem voru á milli lánatakanda og lánveitanda. Taldi skattstjóri ljóst að raunverulegur tilgangur með lánstöku hefði verið að lækka skattgreiðslur hjá A ehf. Hefði svo samist með A ehf. og B Ltd. að líta yrði svo á að um óvenjuleg skipti í fjármálum hefði verið að ræða sbr. 1. mgr. 58. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gjaldfærð afföll A ehf. vegna lánstöku hjá B Ltd. yrði ekki talinn réttmætur frádráttarliður frá skattskyldum tekjum félagsins, sbr. 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Lækkaði skattstjóri gjaldfærðan kostnað í ársreikningum A ehf. 1996, 1997 og 1998 vegna skuldar félagsins við B Ltd. Úrskurður skattstjóra var kærður til yfirsattanefndar og byggði kæran bæði á atriðum er snertu form og efni ákvörðunar skattstjóra.

Yfirsattanefnd rakti að ekki væri deilt um að stjórnunar- og eignatengsl hefðu verið á milli aðila, þ.e. A ehf. og B Ltd. Þá rakti nefndin heimildir skattyfirvalda til að leggja á það sjálfstætt mat, hvort atvik hefðu verið með þeim hætti að tiltekin lagaregla tæki til þeirra, og væru skattyfirvöld þá ekki bundin við mat skattaðila á sömu atvikum. Þótti yfirsattanefnd verða að meta viðskipti A ehf. og B Ltd. heildstætt með tilliti til ákvæða 1. mgr. 58. gr. laga nr. 75/1981. Var bent á að söluverð skuldabréfanna í viðskiptum aðilanna réði ekki úrslitum eitt og sér. Vakti yfirsattanefnd athygli á að A ehf. hefði með höndum innflutning og sölu á nauðsynjavörum héraendis. Heildarhlutafé félagsins hefði verið 15 milljónir kr. og hefðu að meðaltali 15 starfsmenn starfað hjá félaginu á því tímabili sem um ræðir. Við mat á hinum umdeildu ráðstöfunum með tilliti til 1. mgr. 58. gr. yrði að miða við það

sem almennt gerist í rekstri hliðstæðra fyrirtækja, einkum með tilliti til stærðar, umsvifa og eðlis rekstrar. Yrði starfsemi A ehf. þannig ekki lögð að jöfnu við rekstur ríkissjóðs eða alþjóðafyrirtækja sem í grundvallaratriðum væri frábrugðinn rekstri A ehf. Útgáfa A ehf. á skuldabréfum til B Ltd. hefðu falið í sér verulega og ófyrirsjáanlega skuldsetningu félagsins til langs tíma. Hefði söluverð bréfanna aðeins numið broti af nafnverði þeirra. Kölluðu umræddar ráðstafanir á sérstakar skýringar. Dró yfirsattanefnd jafnframt í efa að umrædd skuldabréf hefðu verið seljanleg á almennum markaði 1996. A ehf. hefði um tilgang með lánsviðskiptum sínum vísað til almennrar fjárparfar. Í þessu sambandi benti yfirsattanefnd á að félögin A ehf. og B Ltd. væru í eigu sömu aðila þ.e. D og F og barna þeirra. B Ltd. hefði verið stofnað skömmu áður en til viðskipta aðilanna kom á árinu 1996. Féllst yfirsattanefnd á það með skattstjóra að tilgangur með lántökunni hefði fyrst og fremst verið sá að skapa A ehf. svigrúm til gjaldfærslu fjármagnskostnaðar til frádráttar skattskyldum tekjum A ehf. á komandi árum. Þá þótti hafa þýðingu við mat á ráðstöfunum A ehf. að í efnahagsreikningi félagsins 31. desember 1996 hefði skuld við B ehf. einungis verið tilgreind með söliverði bréfanna að viðbættum gjaldfærðum afföllum það árið en engin grein gerð fyrir höfuðstól skuldarinnar sem óumdeilt var að nam u.þ.b. sjö milljörðum króna á þeim tíma. Var talið að skuldirnar hefðu ekki verið færðar í ársreikningum A ehf. í samræmi við bókhaldslög. Með vísan til framanritaðs og þegar hin umdeildu viðskipti væru virt í heild sinni þótti yfirsattanefnd ekki leika neinn vafi á því að viðskiptin hefðu verið verulega frábrugðin því sem almennt gerðist í slíkum viðskiptum. Þótti liggja ljóst fyrir að til viðskiptanna hefði ekki komið ef umræddum eigna- og stjórnunartengslum félaganna hefði ekki verið til að dreifa. Var fallist á það með skattstjóra að svo hefði samist milli A ehf. og B Ltd. að telja yrði meginreglu 1. mgr. 58. gr. laga nr. 75/1981 taka til þess. Aðalkröfu kæranda var hafnað.

251/2003 Sendibifreið - öflun, breytingar í kjölfar kaupa, innskattur.

Maður nokkur hafði með höndum útgerð handfærabáts. Keypti maðurinn til nota í rekstrinum og jafnframt til nota í eigin þágu bifreið af gerðinni Toyota Hilux. Bifreiðina eignfærði maðurinn í rekstri sínum og fyrndi almennri fyrningu. Jafnframt eignfærði maðurinn og fyrndi almennri fyrningu kostnað við "lengingu palls og tilheyrandi". Virðisaukaskatt af þeim kostnaði færði maðurinn til innskatts. Skattstjóri viðurkenndi ekki bifreiðina og kostnað við breytingar á henni sem fyrnanlega eign. Þá féllst skattstjóri ekki á tilgreindan innskatt vegna breytinganna á bifreiðinni. Óumdeilt var í málinu að bifreiðin var jöfnum höndum notuð í þágu rekstrar og í einkaþágu. Á þeirri forsendu staðfesti YSKN niður-

fellingu bifreiðarinnar, þ.m.t. kostnað af breytingum, af efnahagsreikningi og niðurfellingu almennrar fyrningar. Tiltók YSKN að breytingarnar á bifreiðinni teldust hluti af stofnverði hennar og bæri ekki að líta á þær sem sérstakan fyrningargrunn. Þá taldi YSKN að umræddar breytingar vörðuðu öflun bifreiðarinnar í skilningi 9. gr. reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt, "enda framkvæmdar í beinum tengslum við kaup kæranda á bifreiðinni". Yrði því að fara með virðisaukaskatt sem til féll vegna breytinganna eftir reglum um innskattsfrádrátt sendibifreiða. Það skilyrði að billinn væri eingöngu notaður vegna sölu á vörum og skattskyldri þjónustu hefði ekki verið uppfyllt og því féllst YSKN ekki á þá kröfu mannsins að færa virðisaukaskatt af breytingakostnaðinum til innskatts.

273/2003 Afmörkun starfssambands - verkataka-/launþegasamband, bóksali, húsganga og fjarsala. Skráning á vsk-skrá.

Maður tilkynnti skattstjóra virðisaukaskattsskylda starfsemi sína við farandsölu bóka. Fram kom að aðallega yrði unnið fyrir einn bókaútgefanda. Eyðublaðið RSK 10.31 (Könnun á starfssambandi) var meðfylgjandi. Skattstjóri tilkynnti mannum að hann hygðist synja um skráningu á virðisaukaskattsskrá þar sem hann teldi að framkomnar upplýsingar gæfu ótvírætt til kynna að um launþegasamband væri að ræða en ekki sjálfstæða starfsemi. Maðurinn andmælti, en skattstjóri synjaði og staðfesti þá synjun í kæruúrskurði vegna framkominnar kæru mannsins. Maðurinn kærði til YSKN sem féllst á kröfu mannsins og lagði fyrir skattstjóra að skrá manninn á virðisaukaskattsskrá. Viðhafði nefndin svipuð orð og í fyrri málum af líkum toga, þ.e. staðfesti heimild skattstjóra til að meta starfssambandið. Meta þyrfti í hverju og einu tilviki hvað fælist í samningi. Við matið yrði að skoða mörg atriði sem hefðu mismikið vægi. Sérstaka þýðingu hafi; hversu farið sé endurgjaldi, fjárhæð og greiðslufyrirkomulag, hvor leggi til aðstöðu, verkfæri og efni, persónuleg vinnuskylda, stjórnunarréttur vinnuveitanda, ábyrgð verktaka, afmörkun verks í tíma, afmörkun verks frá almennri starfsemi fyrirtækis, hjáverk eða aðalstarf. Viðvíkjandi greiðslufyrirkomulag tiltók YSKN hvort greitt væri eftir árangri, reglulega eða óreglulega, eftir framvindu, skv. reikningi, miðað við tímaeiningu. Ennfremur hvort útlagður kostnaður væri innifalinn í verklaunum, réttur til orlofs, greiðslna í veikinda- og slysaforföllum. Fleiri atriði tiltók nefndin, m.a. þau að um væri að ræða húsgöngu- og fjarsölu, sbr. lög 46/2000. Varðandi umrætt tilfelli benti nefndin á að manninum væri ekki lögð til vinnuástaða af forlaginu, hann bæri allan kostnað samfara sölustörfunum, svo sem bifreiða-, ferða- og símakostnað. Endurgjald tæki alfarið mið af árangri. Enginn orlofs- eða veikindaréttur og umtalsvert sjálfstæði í störfum.



Stefnumótunardagur RSK

Mánudaginn 27. október sl. var stofnað til sérstaks stefnumótunardags hjá embætti ríkisskattstjóra. Hópur starfsmanna kom þá saman í Skíðaskálanum í Hveradölum til skrafs og ráðagerða um framtíðarstefnu embættisins í öllum helstu málaflokkum. Lagt var upp með ákveðna vinnuáætlun fyrir daginn og fór meginvinnan fram í nokkrum starfshópum sem hver um sig fékk afmarkað svið til umfjöllunar.

Litið var á þennan fund sem upphaf verkefnisins en í framhaldinu eiga hóparnir að skila tillögum til sérstaks stýrihóps sem sjái um að sameina þær, yfirfara og samræma. Þvínæst verði skýrsla með niðurstöðum þessa starfs lögð fyrir skrifstofur og deildir embættisins til frekari umfjöllunar og úrvinnslu með þátttöku sem flestra og helst allra starfsmanna embættisins. Ráðgert er að ljúka þessari vinnu fyrir næstu áramót.



Eftirlit ríkisskattstjóra með vangoldnum lífeyrisiðgjöldum

Ríkisskattstjóri hefur haft eftirlit með skilum á lífeyrisiðgjöldum til lífeyrissjóða frá því að lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða tóku gildi um mitt ár 1998.


Eftirlit ríkisskattstjóra felst, í stórum dráttum, í samkeyrslu upplýsinga úr framtölum einstaklinga og af launamiðum við iðgjaldaupplýsingar frá lífeyrissjóðum. Öllum einstaklingum ber að greiða 10% af iðgjaldsstofni sem samanstendur af launum, reiknuðu endurgjaldi og atvinnuleysisbótum.

Lífeyrissjóðirnir sjá um innheimtu vangoldinna iðgjalda og það er síðan hlutverk Fjármálaeftirlitsins að sjá um að lífeyrissjóðir ræki skyldur sínar.

Á síðustu árum hefur orðið töluverð fækkun á fjölda einstaklinga í vanskilum. Á milli ára 2001 og 2002 fækkaði þeim um 16%.

Vanskil vegna ársins 2002 voru nálægt 1,5 milljarði og fjöldi einstaklinga í vanskilum, innan eðlilegra vikmarka, var í kringum 15.000

Meðalvanskil vegna launa á síðasta ári voru um 117.000 kr. og 107.000 kr. vegna reiknaðs endurgjalds. Um 70% af



vanskilum eru vegna vangoldinna iðgjalda af launum. Í kringum 50% af þeim sem eru í vanskilum fara til Söfnunar- sjóðs lífeyrisréttinda til innheimtu.

Almennt séð má þó segja að skil á lífeyrisiðgjöldum séu góð. Um 42 milljarðar hafa þegar skilað sér vegna ársins 2002 og eru vanskil lífeyrisiðgjalda samkvæmt því innan við 3,5% af heildariðgjöldum.

Fjölgað í skatteftirliti

Nokkrar breytingar hafa nýverið átt sér stað á skipulagi og starfsmannafjölda á eftirlitsskrifstofu ríkisskattstjóra. Hefur eftirlitsskrifstofunni verið skipt upp í tvær deildir, áætlana-deild og upplýsingadeild og starfsmönnum fjölgað úr 6 í 9.

Verkefni áætlana-deildar eru m.a. gerð eftirlitsáætlana, verklagsreglna og leiðbeininga, skipulagning einstakra eftirlitsaðgerða, áhættugreining og mat á eftirlitsárangri. Verkefni upplýsingadeildar eru m.a. fólgin í þróun eftirlitsupplýsingakerfa og söfnun, úrvinnslu og miðlun eftirlitsupplýsinga. Önnur helstu verkefni eftirlitsskrifstofu eru eftirlit með bókhalds- og tekjuskráningarkerfum og eftirlit með lífeyrisðgjöldum.



Nýr innri vefur

Í nóvember var tekinn í notkun nýr innri vefur skattkerfisins. Hann er hugsaður sem vinnusvæði starfsmanna þar sem þeir eiga að geta nálgast allar upplýsingar, gagnasöfn, forrit og annað sem þarf að nota við dagleg störf. Vefnum er skipt í nokkra hluta sem eru sérniðnir að ákveðnum þáttum, þ.e. beinum sköttum, virðisaukaskatti og óbeinum sköttum, fyrirtækjaskrá og skatteftirliti. Einnig eru einingar um nám-skeiðahald, tölvumál og málefni starfsmanna.

Á innri vefnum hafa starfsmenn aðgang að lagasafni, bréfasafni, úrskurðum, reiknivélum, handbókum og ýmsu fleiru. Auk þess er þar dagatal sem sýnir hvað er á döfinni í næstu daga, en þar eru skráðir allir gjalddagar, skiladagar, framtals- og kærufrestir o.s.frv. Þá eru fréttir og tilkynningar til starfsmanna birtar á vefnum og einnig geta menn skipst á hagnýtum upplýsingum í gegnum spjallborð, bæði varðandi skattamál, tæknimál og annað.

Upplýsingatafla RSK

Skatthlutfall í staðgreiðslu 2003

Skatthlutfall	38,55%
Skatthlutfall barna yngri en 16 ára	
af launum umfram kr. 91.048	6,00%
Af vöxtum og arði	10,00%

Persónuafsláttur frá 1. janúar 2003

í einn mánuð	kr. 26.825
í hálfan mánuð	kr. 13.416
í 14 daga	kr. 12.347
í eina viku	kr. 6.173
Sjómannaafsláttur á dag	kr. 728

Hámark barnabóta miðað við heilt ár

Hjón/sambúðarfólk	
- með fyrsta barni	kr. 120.248
- með börnum umfram eitt	kr. 143.135
- ótektjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára	kr. 35.422
Einstaðir foreldrar	
- með fyrsta barni	kr. 200.282
- með börnum umfram eitt	kr. 205.448
- ótektjutengd viðbót v/barna umfram eitt og yngri en 7 ára	kr. 35.422

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald	5,73%
Sérstakt gjald v/sjómannna	6,38%

Dagpeningar, frádráttur á árinu 2003

Innanlands	Okt.-des.
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	12.900
Fyrir gistingu í eina nótt	7.700
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	5.200
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.600

Erlendis	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
	Gisting	Annað	Gisting	Annað
Bretland og Rússland	SDR 133	94	85	60
New York borg og Washington DC	SDR 139	82	89	52
Asía og Suður-Amerika	SDR 136	110	87	70
Annars staðar	SDR 100	94	64	60

Akstursfrádráttur, gildir fyrir árið 2003

Almennur frádráttur, pr. km:	kr. 55,00
------------------------------	-----------

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag, skal reikna 15% álag á almennan frádrátt.

Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennan frádrátt.

Virðisaukaskattur

Almennt skattþrep	24,5%
Sérstakt skattþrep	14,0%

Mexíkó

Í þessum pistli verður stiklað á stóru á helstu skattlagninga-reglum sem í gildi eru í Mexíkó. Skattkerfið er með hefðbundnu sniði, byggt er á alheimsreglunni, þ.e. heimilisfastir aðilar, einstaklingar og lögaðilar, bera fulla og ótakmarkaða skattskyldu af öllum tekjum hvar sem þær eiga uppruna sinn. Skattþrep eru stighækkandi eftir tekjum og staðgreiðsla er dregin af launatekjum einstaklinga.

Tilgreindar fjárhæðir hér á eftir miðast við tekjuárið 2003. Gjaldmiðillinn í Mexíkó er mexíkanskur pesó (MXP), og er gengi pesósins 6,813 gagnvart íslensku krónunni miðað við gengisskráningu í október 2003.

Skattar:

Á einstaklinga og lögaðila eru lagðir tekjuskattar til ríkisins. Að auki er lagður á hagnað einstaklinga í litlum eða meðalstórum rekstri tekjuskattur til sveitarfélaga. Sveitarfélög innheimta fasteignagjöld af eigendum fasteigna hvort sem um er að ræða einstaklinga eða fyrirtæki. Eignarskattar eins og við þekkjum fyrirfinnast ekki í mexíkanskri skattalöggjöf. Hins vegar er lagður sérstakur skattur á eignir fyrirtækja að frádregnum tilteknum skuldum (net worth tax). Á fyrirtæki er einnig lagður launaskattur, sbr. hér síðar. Þá er lagður sérstakur 2% skattur á fasteignakaup í flestum ríkjum Mexíkó.

Einstaklingar:

Þeir sem hafa heimili til ráðstöfunar í Mexíkó, dvelja undir 183 dögum á ári í öðru landi og sanna að þeir séu ekki heimilisfastir aðilar í skilningi skattalaga í öðru landi, bera fulla og ótakmarkaða skattskyldu í Mexíkó. Að auki eru allir mexíkanskir ríkisborgarar taldir bera fulla og ótakmarkaða skattskyldu í Mexíkó nema þeir sýni fram á að þeir beri fulla og ótakmarkaða skattskyldu í öðru ríki. Takmörkuð skattskylda hvílir á þeim sem ekki teljast heimilisfastir í Mexíkó en fá þaðan tekjur.

Tekjur eru flokkaðar í 10 flokka. Flokkunin skiptir máli bæði við útreikning á tekjuskatti og vegna staðgreiðslu, en mismunandi staðgreiðslulutfall er fyrir hverja teknategund. Vextir, söluhagnaður vegna hlutabréfasölu, söluhagnaður íbúðarhúsnæðis sem og höfundaréttargreiðslur sem uppfylla tiltekin skilyrði geta verið óskattskyldar tekjur. Sem dæmi má nefna söluhagnað vegna íbúðarhúsnæðis sem eigandinn hefur nýtt til eigin íbúðar síðustu tvö ár fyrir sölu og höfundaréttargreiðslur sem upprunalegi höfundurinn móttekur.

Heimilt er að draga frá tekjum aksturskostnað vegna aksturs milli heimilis og skóla ef gjaldandi á barn/börn á skólaskyldualdri, lækna- og tannlæknakostnað, sjúkrahús-

kostnað, iðgjöld vegna sjúkratrygginga, útfararkostnað upp að ákveðnu marki sem fellur á erfingja og tilteknar gjafir. Þá er jafnframt heimilað að draga frá tekjum fjárfestingar upp að ákveðnu marki og að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Tekjuskattshlutfall einstaklinga er stighækkandi eftir tekjum og er á bilinu 3-34%. Launagreiðendur halda eftir staðgreiðslu af launatekjum. Ekki er haldið eftir staðgreiðslu af arði, en af vöxtum er haldið eftir 24% staðgreiðsluskatti. Staðgreiðsluskattur af leigutekjum fasteigna er 10% og 20% af söluhagnaði. Í öllum tilvikum er staðgreiðslan bráðabirgðagreiðsla sem gengur upp í væntanlega álagningu.

Þeir einstaklingar sem bera fulla og ótakmarkaða skattskyldu í Mexíkó geta fengið lausn undan tvísköttun í formi beins frádráttar sé um að ræða tekjur frá ríki sem ekki hefur gert tvísköttunarsamning við Mexíkó. Sé um að ræða tekjur frá ríki sem gert hefur samning skal lausn undan tvísköttun tryggð í samræmi við ákvæði samningsins.

Lögaðilar:

Lögaðilar teljast heimilisfastir þegar þeir eru settir á stofn í Mexíkó eða skráðir þar, einnig ef aðalstjórn þeirra eða raunveruleg stjórn er í Mexíkó.

Heimilisfastir lögaðilar bera fulla og ótakmarkaða skattskyldu í Mexíkó af öllum tekjum sínum, þ. á m. söluhagnaði. Tekjuhugtakið er rúmt og tekur m.a. til sölutekna, þjónustugjalda, hagnaðar, hlunninda, afslátta og verðbólguhagnaðar. Allar tekjur lögaðila, þ. á m. þóknanir, teljast til rekstrartekna og eru skattlagðar sem slíkar að frádregnum rekstrarkostnaði og tapi fyrri ára. Rekstrarkostnaðarhugtakið er svipað og á Íslandi, þ.e. allt sem telst nauðsynlegt fyrir rekstur félagsins, auk vaxta og fyrninga. Tap sem myndaðist eftir 1991 má færa á móti tekjum næstu 10 ára. Þá er rétt að geta þess að verðbólguþrengingsskil eru enn við lýði í Mexíkó.

Flest ríki innan Mexíkó leggja sérstakan 9% launaskatt á launagreiðendur. 2% af þessum skatti er svæðisbundinn launaskattur, 5% fer í byggingasjóð launþega og 2% í lífeyrissjóð. Að auki þurfa launagreiðendur að greiða tryggingaíðgjöld sem veita launþegum rétt til eftirlauna, örorku- og slysabóta, dánarbóta, dagvistunar, fæðingarorlofs ofl.

Tekjuskattur lögaðila er 34% á tekjuárinu 2003, 33% fyrir tekjuárið 2004 og 32% fyrir tekjuárið 2005. Ekki er haldið eftir staðgreiðslu af arði sem greiddur er til heimilisfasts lögaðila. Vextir af skuldabréfum og veðskuldabréfum ásamt gengishagnaði sætir 25% afdráttarskatti. Staðgreiðsluskatturinn er bráðabirgðagreiðsla upp í væntanlega álagningu.

Arður sem greiddur er milli félaga innan sömu samstæðu telst ekki til skattskyldra tekna hjá móttakanda fyrr en eitt-hvað af neðangreindu á sér stað:

- " sala á greiðanda arðsins
- " hlutabréfalækkun
- " samstæðan leyst upp

Líkt og með einstaklinga geta félög sem bera fulla og ótakmarkaða skattskyldu í Mexíkó fengið lausn undan tvísköttun í formi frádráttar sé um að ræða tekjur frá ríki sem ekki hefur gert tvísköttunarsamning við Mexíkó. Sé um að ræða tekjur frá ríki sem gert hefur samning skal lausn undan tvísköttun tryggð í samræmi við ákvæði samningsins. Beinn frádráttur takmarkast við fjárhæð mexíkansks skatts á heildartekjuskattstofn lögaðilans viðkomandi tekjuár.

Lögaðilar sem reka fasta starfsstöð í Mexíkó án þess að teljast vera heimilisfastir bera skyldu til greiðslu tekjuskatts af þeim tekjum sem tilheyra föstu starfsstöðinni. Lögaðilar sem teljast hvorki heimilisfastir í Mexíkó né reka þar fasta starfsstöð bera takmarkaða skattskyldu af þeim tekjum sem eiga uppruna sinn í Mexíkó. Arður sem greiddur er til lögaðila með takmarkaða skattskyldu ber 4,9%-34% stað-

greiðsluskatt. Þóknarir eru flokkaðar eftir því fyrir hvað er verið að greiða og er skatthlutfallið mismunandi eftir flokkum. Þóknarir vegna notkunar (réttar til notkunar) á járnbrautarteinnum ber 5% staðgreiðsluskatt, greiðslur fyrir einkaleyfi, vörumerki og auglýsingar bera 34% staðgreiðsluskatt, aðrar þóknarir bera 25% staðgreiðsluskatt. Staðgreiðsluskattur lögaðila með takmarkaða skattskyldu er lokagreiðsla skatts og kemur ekki til álagningar sérstaklega síðar. Tvísköttunarsamningar geta svo haft að geyma sérákvæði um skatthlutfall þóknana, arðs, vaxta, söluhagnaðar og leigu.

Virðisaukaskattur:

Meginreglan er sú að öll sala á vöru og þjónustu er virðisaukaskattskyld. Almenn skatthlutfall er 15%. Útflutningur á vöru og þjónustu er þó í 0% þrepi ásamt innflutningi á lyfjum og matvörum fyrir fólk og dýr. Almennar reglur um innskatt og útskatt gilda.

Þýtt og endursagt úr:

OECD Model Tax Convention on Income and on Capital 2003, International Bureau of Fiscal Documentation.

www.lores.com.mx

HEFUR ÞÚ KYNNT ÞÉR VEFSKIL

Á rsk.is er boðið upp á rafræn skil á **virðisaukaskatti** og **staðgreiðslu**. Sérstaklega skal bent á að hægt er að skila staðgreiðslu beint úr helstu launakerfum. Á vefnum getur þú skilað, greitt og fengið yfirlit á einfaldan og öruggan hátt, hvar og hvenær sem er.

ÞINN ÁVINNINGUR ER

**... engar biðraðir ... engin tímapressa ... minni pappír
... auðvelt að greiða ... auðvelt að muna
... einfaldar bókhaldið ... umhverfisvæn skil**

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ

Allar nánari upplýsingar má fá á www.rsk.is/umhverfismat.

Þar er einnig að finna upplýsingar um símaaðstoð sem veitt er eftir kl. 16:00.

Þú getur líka hringt í **grænt númer, 800-6311**.

Rafræn skil - umhverfisvæn skil

NÝTT EFNI á erlendum tungumálum



Á upplýsingavef ríkisskattstjóra rsk.is er búið að setja inn nýjar síður með upplýsingum á erlendum tungumálum. Hingað til hefur verið ein síða á vefnum sem hét "English" og þar var hægt að nálgast það efni sem til er á ensku. Nú leysir síðan "International" hana af hólmi, en það er yfirlitssíða fyrir rúmlega tuttugu síðna vef.

Mest af þeim upplýsingum sem þar er að finna er á ensku, enn sem komið er, en tvísköttunarsamningar eru á ýmsum tungumálum. Í framhaldi af þessari breytingu verður nýju efni um skattamál á erlendum tungumálum, bætt inn á vefinn á komandi mánuðum. Auk upplýsinga um skattamál verður einnig bent á hvaða stofnanir sinna málum útlendinga sem flytjast til landsins eða koma hingað tímabundið til að vinna og fyrirtækja sem hyggja á rekstur á Íslandi.

Má í þessu sambandi t.d. nefna að félagsmálaráðuneytið er með upplýsingar á átta erlendum tungumálum á heimasíðu sinni um land og þjóð, samfélagið, skólakerfið, skattakerfið, réttindi og skyldur, heilbrigðisþjónustu, almannatryggingar og fleira. Þar er tekið mið af fjölmennustu hópunum meðal nýbúa og farandverkamanna og er bæklingur um málefni útlendinga birtur á ensku, pólsku, albönsku, rússnesku, spænsku, tælensku, víetnömsku og serbó-króatísku. Á rsk.is verða hins vegar enska, þýska og Norðurlandamálin mest áberandi auk frönsku og spænsku.

Nýr bæklingur

RSK hefur gefið út nýjan bækling á vefnum um tímabunda dvöl á Íslandi og er hann bæði á ensku og dönsku. Þar er að finna allar helstu upplýsingar sem þeir sem koma til landsins tímabundið, þurfa á að halda, svo sem um kennitölu, atvinnuleyfi, skattskyldu, staðgreiðslu, skattkort, framtal, kærur og innheimtu.

Fyrirferðarmest er umfjöllun á ensku um skattlagningu tekna og eigna á Íslandi, Income and capital taxation in Iceland, og er bæði fjallað um skattlagningu einstaklinga og félaga. Þá er hægt að sækja á vefinn þau eyðublöð sem búið er að gefa út á ensku og verða þau fleiri á komandi mánuðum.

Þessu til viðbótar eru upplýsingar um skipurit skattkerfisins og skattumdæmi. Síðast, en ekki síst, er á vefnum efni sem tengist fyrirtækjaskrá. Meðal annars er hægt að sækja það efni sem iðnaðarráðuneytið hefur birt á ensku, svo sem lög um hlutafélög, lög um einkahlutafélög, reglur um rekstrarform á Íslandi og um stofnun fyrirtækja, svo það helsta sé nefnt.

